



Háskólinn
á Akureyri

Hver á að borga hvað?

Er staða foreldra jöfn þegar kemur
að framfærslu barns?

Gísley Sesselja Hrafnisdóttir

**Lagadeild/Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2021**

Hver á að borga hvað?

Er staða foreldra jöfn þegar kemur að framfærslu barns?

Gísley Sesselja Hrafnisdóttir

30 eininga ritgerð sem er hluti af
Magister Legis gráðu í lögfræði

Leiðbeinandi
Jónína Guðmundsdóttir lögmaður

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2021

Hver á að borga hvað? Er staða foreldra jöfn þegar kemur að framfærslu barns?

30 eininga ritgerð sem er hluti af *Magister Legis* gráðu í Lögfræði

Höfundarréttur © 2021 Gísley Sesselja Hrafnadóttir

Öll réttindi áskilin

Lagadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Gísley Sesselja Hrafnadóttir, 2021, *Hver á að borga hvað? Er staða foreldra jöfn þegar kemur að framfærslu barns?* Meistararitgerð, Lagadeild, Háskólinn á Akureyri, 86 bls.

Prentun: Ásprent Prentmet Oddi

Akureyri, maí 2021

Útdráttur

Það er óumdeilt að ábyrgð framfærslu hvílir á foreldrum og tryggir löggjöfin barni að báðir foreldrar, hvor um sig, séu skyldugir að framfæra barn þeirra hvort sem þeir búi saman eður ei. Umgengnisforeldrið greiðir framfærslu á meðan barn dvelur hjá því ásamt því að greiða lögheimilisforeldri mánaðarlegt meðlag. Er sanngjarnt að sá sem greiðir meðlag og framfærir barn jafnt á við lögheimilisforeldrið borgi umfram helming framfærslunnar? Með skrifum á ritgerð þessari er ætlunin að skoða hvort löggjöfin sé í raun komin á þann stað að foreldrar sem deila forsjá barns standi jafnt þegar kemur að greiðslum frá hinu opinbera. Farið verður yfir helstu atriði barnaréttar og þau atriði er skipta máli þegar kemur að forsjá, umgengni og framfærslu barns. Það er án efa mikilvægt að varpa ljósi á hvort um sé að ræða jafnrétti vegna framfærslu barns þar sem oft á tíðum greiðir umgengnisforeldrið það mikið að það framfærir lögheimilisforeldrið líka, en framfærsla barns er ætluð barni en ekki foreldrum.

Abstract

It is undebated that the responsibility to support children financially lies with their parents and the legislation ensures that the responsibility lies with both parents, whether they share a home or not. The non-custodial parent supports the child financially while it is in its custody as well as paying the custodial parent a monthly amount for child maintenance. Is it a reasonable request that the non-custodial parent, who contributes child maintenance monthly and supports the child financially while in its custody which is equal to the custodial parent, pays more than half of the child's maintenance? The aim of this essay is to examine whether the legislation really has advanced to the point where parents who share custody equally are financially equal regarding payments from the government. The main items in the Children's Act will be discussed as well as other items relevant to custody, physical custody and child support. It is without a doubt important to elucidate whether the child's maintenance is based on equality, because it is common that the non-custodial parent pays so much that it is supporting the custodial parent as well, but the child's maintenance is meant to support the child, not the parents.

Ritgerðin er tileinkuð dóttir minni, sem hefur undanfarin fimm ár búið með móður í laganámi. Það að klára þessa ritgerð ein með dóttir minni og í fullu starfi með námi sýnir mér og henni að maður getur allt sem maður ætlar sér.

Formáli

Áhugi minn á málefnum barna er mikill þar sem ég hef alla tíð verið með hugann við velferð barna eftir reynslu mína í æsku. Ég hef setið báðum megin borðsins þegar kemur að málefnum barna þar sem ég sem barn upplifði mjög erfið samskipti foreldra í garð hvors annars sem bitnaði alfarið á mér sem barni og þar af leiðandi gerði sú reynsla mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Í dag er ég á þeim stað að deila forsjá barns síns og hafa oft á tíðum komið upp vandamál tengd framfærslu barnsins sem jók áhuga minn enn meira á hvernig framfærsluskyldunni er háttað og réttarstöðu foreldra í þeim málum.

Ég skrifaði einnig BA-ritgerð um réttarstöðu barna og foreldra í forsjár- og umgengnismálum. Það var virkilega skemmtilegt að skrifa þá ritgerð og jókst áhugi minn enn frekar á þessum efnum og ákvað ég að vissu marki strax að meistara ritgerðin yrði tengd við barnaréttinn.

Sumarið 2020 bauðst mér að vinna að rannsókn tengdri skyldunni að leita sátt áður en mál er höfðað, hvort sáttameðferðin sé að skila tilsettum árangri, eða enda málin með úrskurði, niðurfellingu eða frávísun? Sú vinna sýndi mér hversu miklu máli það skiptir fyrir bæði börn og foreldra að samskipti séu góð til að hægt sé tryggja velferð barnsins.

Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi eftir að ég eignaðist barnið mitt að líðan og velferð barnsins sé ávallt í fyrirrúmi, sama hver staða foreldranna er og ættu allir foreldrar að tileinka sér að sem er barni fyrir bestu skal alltaf ganga framur þörfum foreldranna.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Saga barnaréttar	3
3	Mismunandi fjölskyldugerðir	5
4	Helstu skilgreiningar	6
4.1	Barn	6
4.2	Foreldrar	6
4.3	Stjúpjölskylda.....	7
4.4	Framfærsluskylda	7
4.5	Forsjá	8
4.6	Sameiginleg forsjá.....	8
4.7	Umgengni	8
5	Löggjöfin	10
5.1	Barnalög nr. 76/2003	10
5.2	Barnasáttmálinn	11
6	Réttindi barna	12
6.1	Rétturinn til að þekkja báða foreldra	12
6.2	Feðrun barns	13
7	Forsjá	15
7.1	Inntak forsjár.....	15
7.2	Hverjir fara með forsjá barna?.....	16
7.3	Sameiginleg forsjá.....	16
7.4	Heimild til að dæma sameiginlega forsjá	17
8	Umgengni	20
8.1	Ákvörðun um umgengni.....	21
8.2	Jöfn umgengni	22

8.3	Skyldan til umgengni.....	23
9	Búseta	24
9.1	Lögheimili	24
9.2	Jöfn búseta	25
10	Framfærsluskyldan	26
10.1	Framfærsluskylda barna á árum áður	26
10.2	Skyldan til framfærslu	27
10.3	Meðlagsgreiðslur	28
10.4	Ákvörðun um meðlagsgreiðslur	29
10.5	Greiðsla meðlags	30
10.6	Hverjir geta krafist meðlags?.....	32
10.7	Aukið meðlag	32
10.8	Sérstök framlög.....	34
10.9	Menntunarframlag	34
11	Fjárstuðningur vegna framfærslu barna	36
11.1	Barnabætur.....	36
11.2	Barnalífeyrir.....	38
11.3	Mæðra- og feðralaun.....	38
11.4	Lög um félagslega aðstoð	39
11.5	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga	39
11.6	Atvinnuleysistryggingar	39
11.7	Lánasjóður íslenskra námsmanna	40
11.8	Húsaleigubætur	41
11.9	Lög um tekjuskatt	42
12	Frumvarp um skipta búsetu barns	43
12.1	Hugmyndin að tvöföldu lögheimili	43
12.2	Skipt búseta barns	44
12.3	Aukið samningsfrelsi foreldra	45
12.4	Athugasemdir vegna frumvarps.....	46

12.5	Frumvarp verður að lögum.....	47
13	Framfærsluskylda annarra Norðurlanda	49
13.1	Danmörk	49
13.2	Noregur.....	52
13.3	Svíþjóð.....	53
13.4	Finnland.....	54
13.5	Samantekt á Norrænni löggjöf.....	56
14	Niðurstöður	58
	Lagaskrá	63
	Dómaskrá.....	65
	Heimildir	66

Skammstafanir

Útgefin rit:

Alþt. Alþingistíðindi, A-deild

Dómar:

Hrd. Hæstaréttardómur

Lög:

atvl. Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006
bl. Barnalög nr. 76/2003
bvl. Barnaverndarlög nr. 80/2002
lfa. Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007
lrl. Lögræðislög nr. 71/1997
lul. Lög um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018
stjskr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
tsl. Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Þakkir

Ég vil byrja á að þakka dóttir minni, Guðrúnu Ástu Valentine, fyrir þá ótrúlegu og ómetanlegu þolinmæði sem hún hefur sýnt á meðan ég lauk ritgerðinni og M.L. náminu öllu. Fjölskylda mín öll á ómetanlegar þakkir fyrir að þola mig á meðan álagið var sem mest og hjálpina við að passa Guðrúnu Ástu þegar allur tíminn fór í að klára námið. Án þeirra hefði þetta ekki tekist, þau hafa staðið við bakið á mér allan tímann og þá sérstaklega þegar uppgjöfin var á næsta leiti. Margrét Harpa námsvinkona mín fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn og uppvunina þegar námið var við það að láta mann gefast upp og allt var yfirþyrmandi.

Að lokum vil ég þakka Jónínu Guðmundsdóttir, leiðbeinanda mínum, fyrir alla þá hjálp sem hún veitti mér við skrif þessarar ritgerðar og að ljúka þessu verkefni.

1 Inngangur

Í þjóðfélagi okkar er mjög algengt að stór hópur barna upplifi skilnað eða sambúðarslit foreldra sinna. Sérhvert barn þarfnast mikilvægra fjölskyldutengsla og hafa breytingar á fjölskyldu barns töluverð áhrif á líðan og stöðu þess. Tímarnir breytast hratt og mikið er rætt um aukið foreldrajafnrétti og að hafa áherslur á ábyrgð beggja foreldra að annast uppeldi barna sinna.

Óumdeild staðreynd er að það er á ábyrgð foreldra að framfæra börn sín og er mikið kapp lagt á að þeir foreldrar sem ekki búa saman nái að vera í góðu sambandi til að tryggja hagsmuni barnsins þar sem gott samkomulag foreldra sé það sem talið er barni fyrir bestu. Með auknum möguleikum á rúmri umgengi barns við það foreldri sem það deilir ekki lögheimili með, hafa foreldrar í ríkari mæli verið að semja um þann möguleika. Jöfn ábyrgð og samstaða á að eiga við um meðlag af þeirri ástæðu að meðlagsgreiðslur eru mikilvægur hluti þess lagaramma sem settur hefur verið upp í barnarétti.

Þau málefni er snúa að meðlagsgreiðslum er eitthvað sem er vert að skoða vel, þar sem meðlagskerfið snertir marga, hvort sem það eru börnin, einstaklingana sem meðlagið greiða eða þá sem taka við meðlagi frá meðlagsgreiðanda. Með vaxandi sameiginlegri ábyrgð foreldra gagnvart barni þeirra og jafnri búsetu barna milli foreldra er vert að líta til þess hvort staða foreldra sé jöfn þegar kemur að framfærsluskyldunni. Þegar forsjá er sameiginleg kemur upp mismunum á stöðu lögheimilisforeldra og umgengnisforeldra.

Ísland hefur tiltölulega sterkt velferðarkerfi sem gerir það að verkum að hægt er að standa þétt við bakið á foreldrum, einkum þeirra sem einstæðir eru, þegar kemur að framfærslu barna þeirra. Telur höfundur að mikilvægt sé að vel sé gætt að framfærsluskyldunni þar sem þýðingarmikið er fyrir barn að þeirri skyldu sé haldið til haga í tengslum við velferð þess.

Mikið umræða hefur verið um gildandi meðlagskerfi og hefur kerfið sætt mikilli gagnrýni á síðustu árum þar sem sérstaklega feður telja að hallað sé á þeirra rétt þar sem kerfið hefur breyst í takt við þær breytingar sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Breytingar hafa hins vegar verið lagðar fram í frumvörpum, og má þá sérstaklega líta til frumvarps til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns).

Áhugi ritgerðarhöfundar á málefnum barna er mikill þar sem hann hefur alla tíð verið með hugann við velferð barna eftir reynslu hans í æsku. Höfundur hefur verið báðum megin við borðið í málefnum barna þar sem hann sem barn

upplifði mjög erfið samskipti foreldra í garð hvors annars sem bitnaði alfarið á höfundum sem barni og gerði hann að þeirri manneskju sem hann er í dag. Í dag er ritgerðarhöfundur á þeim stað að þurfa að deila forsjá barns síns og hefur oft á tíðum komið upp vandamál tengd framfærslu barnsins sem jók áhuga hans á framfærsluskyldunni og réttarstöðu foreldra í þeim málum.

Spurning höfundar er því: Hver á að borga hvað? Er staða foreldra jöfn þegar kemur að framfærslu barns?

Í ritgerð þessari verður fyrst litið yfir sögu barnaréttarins og hver þróun löggjafarinnar hefur verið á síðustu áratugum. Farið verður yfir helstu reglur um forsjá, umgengni og búsetu barns. Einnig verður fjallað ítarlega um meginefni ritgerðarinnar, framfærsluskyldu foreldra, og hvernig henni skuli háttað og hvort foreldrar standi jafnt að vígi við framfærslu barna sinna ásamt því að fjalla um skipta búsetu barns og hugmyndina um tvöfalt lögheimili. Að lokum verður farið yfir meginatriði í Norrænni löggjöf um framfærsluskyldu foreldra þar sem litið verður til reglna sem eiga við í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Leitast verður því eftir að sjá hver réttur foreldra og barna er þegar kemur að framfærslu barna, þegar kemur að því að ákvarða hver á að borga hvað þegar barn deilir jafnri umgengni við báða foreldra. Ritgerðin ætti því að leiða í ljós ákveðna niðurstöðu um hvort sanngjarnt sé að umgengisforeldri er deilir jafnri búsetu borgi einnig meðlag með barni og hvort hægt sé að gera einhverskonar breytingar á hvernig meðlagsgreiðslum sé háttað.

2 Saga barnaréttar

Áður en vikið verður að meginviðfangsefni ritgerðarinnar er mikilvægt að gera því skil hvað felst í barnaréttinum. Með tímanum hefur löggjöf er varðar börn breyst umtalsvert. Reglulegar breytingar hafa orðið, þar sem alltaf er reynt að gera betur og laga það sem betur mætti fara. Þykir því höfundi réttast að reifa aðeins hvernig þróun löggjafar barnaréttarins hefur verið, en saga hans er mikilvæg til að átta sig á því hversu mikið hefur breyst frá því fyrstu heildstæðu barnalögin voru sett á Íslandi árið 1981. Umtalsverðar breytingar hafa þróast í betri átt við skoðun á stöðu barnafjölskyldna og hlutverki allra fjölskyldumeðlima með breyttum tímum. Með aukinni áherslu á að jafnrétti sé til staðar, að staða beggja aðila sé jöfn og möguleika beggja kynja hefur þróunin verið í þá átt að báðir foreldrar taki í meira mæli saman virkan þátt í uppeldi barna sinna.¹

Íslensk löggjöf um réttarstöðu barna og tengsla þeirra við foreldra sína á sér talsvert langa sögu, þar sem löggjöf er varðaði börn var talsvert brotakennd þar til sett voru lög árið 1921. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921 og lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 voru fyrstu lögin. Í þeim lögum voru ákvæði sem bættu til muna stöðu óskilgetinna barna þar sem sá hópur sem þurfi mikið á þessum lögum að halda.² Fyrir þann tíma var mikill munur gerður á skilgetnum og óskilgetnum börnum og þótti mikilvægt að það væri vel skilgreint við setningu laganna. Skilgetin börn voru þau börn er getin voru í hjúskap en aftur á móti voru óskilgetin börn þau börn er getin voru þegar foreldrar voru ekki í hjúskap. Óskilgetin börn hlutu til að mynda ekki sömu réttarstöðu og skilgetin börn, þeim var mismunað, þau voru utan fjölskyldubanda og fengu þau ekki að njóta umgengni við föður sinn né fjölskyldu hans. Þrátt fyrir ekkert samneyti við föður var faðirinn samt sem áður framfærsluskyldur. Á hinn bóginn gildi um skilgetin börn faðernisreglan, þar sem eiginmaður móður var faðir barns.³

Lög nr. 9/1981 voru fyrstu heildstæðu lögin sem sett voru á sviði barnaréttar. Voru þau lög sett eftir mikla endurskoðun á stöðu barna gagnvart foreldrum sínum sem ekki deildu saman búskap, þá sérstaklega með tilliti til umgengnisréttar, sem og faðerni. Í þessum nýju lögum komu inn ein grundvallarnýmæli, þar sem hugtakið *forsjá* var tekið upp í stað fyrra hugtaks, *foreldravald*, en það hugtak lagði áherslu á það vald sem foreldrar höfðu yfir börnum sínum.⁴ Í lögum er voru í gildi á þessum tíma var kveðið á um gagnkvæman rétt barns og þess foreldri sem ekki hafði forsjá yfir barni óháð

¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók: Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Reykjavík 2013, bls. 7.

² Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 7-8.

³ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Reykjavík 1995, bls. 42-43.

⁴ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 8.

umgengni og því hvort eða með hvaða hætti foreldrar hefðu hagað samvistum sínum, en til álita kom að foreldrar gætu farið sameiginlega með forsjá barns nema í þeim tilfellum er foreldrar væru í hjúskap eða óvígðri sambúð.⁵

Með þessari lagasetningu var leitast eftir því að afnema muninn milli skilgetinna og óskilgetinna barna, og tókst það að mestu leiti þrátt fyrir að hugtökin væru enn þau sömu, var réttarstaða þeirra orðin nánast sú sama. Á sama tíma öðluðust feður óskilgetinna barna umgengnisrétt við barn sitt.⁶

Barnalögin voru á ný endurskoðuð í heild sinni og í kjölfarið, árið 1992, voru lögfest ný barnalög nr. 20/1992. Í þeim var lögð áhersla á að vernda og virða rétt barnsins og við úrlausnir mála er vörðudu börn ætti ávallt hafa að meginreglu hvaðeina sem væri barni fyrir bestu á hverjum tíma. Ýmsar efnislegar breytingar voru gerðar, bæði á faðerni og sameiginlegri forsjá.⁷

Tæpur áratugur leið þar til núgildandi barnalög nr. 76/2003 (hér eftir bl.) tóku gildi en á þeim tíma höfðu orðið miklar breytingar á sjónarmiðum fólks er tengdust barna- og fjölskyldurétti. Gaf það því augaleið að full ástæða væri til að endurskoða gildandi lög í ljósi þróunarinnar. Núgildandi bl. hafa breyst nokkrum sinnum og má þar helst nefna lagabreytingu nr. 69/2006 þar sem sameiginleg forsjá var gerð að meginreglu við skilnað foreldra og sambúðarslit. Einnig urðu umtalsverðar breytingar á ákvæðum laganna um forsjá, búsetu og umgengni með lögum nr. 61/2012 og 144/2012.⁸

Breytingarlög nr. 61/2012 og 144/2012 gerðu það að verkum að réttindum barna voru gerð betri skil, gerður var nýr upphafskafli sem tók mið af meginreglu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Með nýju breytingunni var sett inn skylda foreldra til að leita sátta áður en hægt væri að krefjast úrskurðar um forsjá og umgengni eða höfðu mál um ágreiningsefni. Sáttameðferðin hefur það markmið að foreldrar nái sáttum og þeir geri samning um þau málefni er valda ágreiningi og tekur meðferðin mið af því hvað er barninu fyrir bestu. Dómara var einnig veitt heimild þess efnis að hann mætti dæma sameiginlega forsjá í forsjármálum og einnig heimild til að dæma hjá hvoru foreldri barn skuli eiga lögheimili, en áður gat dómari einungis dæmt öðru foreldrinu forsjá. Bl. hafa því verið að breytast með tímanum með hag barna fyrir brjósti.⁹

⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 8.

⁶ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 52-53.

⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 8-9.

⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 9-10.

⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 21-23.

3 Mismunandi fjölskyldugerðir

Við skoðun á sögu fjölskyldunnar er ekkert eins áberandi og fjölbreytni í skipulagi hennar. Hugtakið *fjölskylda* er skilgreint í lögfræðiorðabókum sem allir þeir nánustu aðstandendur einstaklings, þar með talið maki einstaklings, börn, foreldrar, systkini og aðrir nánustu ættingjar.¹⁰

Þegar talað er um *fjölskyldumyndun* hefur það í för með sér stofnun heimilis, útvegna húsnæðis og innbús sem tilheyrir því að halda heimili. Með fjölskyldumyndun stofnast til náninna persónutengsla á milli aðila, hvort sem það er karl og kona eða aðilar af sama kyni.¹¹ Fjölskyldur sem innhalda börn eru í meirihluta hér á Íslandi og er heimilið sá staður er barn elst upp á og verður því heimilið uppeldisvettvangur barnanna. Þá kemur umönnun og umsjá barna, vernd og eftirlit með þeim í hlut fjölskyldumeðlima.¹²

Hugtakið *fjölskylda* hefur ekki verið skilgreint í sífjalöggjöfinni. Hugtakið tekur til aðila sem gengið hafa í hjónaband, fólks í skráðri sambúð, para af sama kyni og barna þeirra. Hugtakið teygir sig einnig til þeirra aðila sem búa saman með börnum sínum, einnig stjúpbörnum, fósturbörnum eða kjörbörnum. Fjölskylduhugtakið er í raun félagslegt hugtak. Í lögum er meira fjallað um einstaklinga innan fjölskyldu frekar en fjölskylduna sem eittvert heildarhugtak.¹³ Nú á tímum ríkir meira frjálshynda en áður hvað sambúðarform og fjölskyldumyndun varðar og hefur það leitt til þess að fjölskyldugerðir eru orðnar margbreytilegar. Fyrst og fremst er það kjarnafjölskyldan, hjón, samvistarmakar eða sambúðarmakar, með eða án barna. Í annan stað er talað um einforeldrisfjölskyldu þar sem er um að ræða ógifta einstaklinga, ekkju eða ekill og fráskilinn einstakling, með eða án barna.¹⁴

¹⁰ Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók: Með skýringum*. Reykjavík 2008, bls. 130.

¹¹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008, bls. 50.

¹² Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 51.

¹³ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 61.

¹⁴ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 62.

4 Helstu skilgreiningar

Í þessum kafla verða skilgreind þau helstu hugtök sem höfundur notast við í ritgerðinni til að auðvelda skilning lesanda á efninu.

4.1 Barn

Hugtakið *barn* er skilgreint í lögfræðiorðabók á þann veg að barn er einstaklingur er ekki hefur náð 18 ára aldri.¹⁵ Hugtakið barn er í raun hvergi útskýrt með beinum hætti í bl. en fyrst og fremst er tekið mið af þeirri skilgreiningu er kemur fram í 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 (hér eftir Barnasáttmáli), þar er barn talið vera hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Hugtakið barn er einnig skilgreint réttilega í lögfræðislögum nr. 71/1997 (hér eftir lrl.) þar er sagt að barn sé allt það fólk í heiminum yngra en 18 ára. Barn verður lögráða einstaklingur þegar það hefur náð 18 ára aldri, sbr. 1. mgr. 1. gr. lrl.

4.2 Foreldrar

Í bl. er orðið *foreldrar* ávallt notað um foreldra barnsins að lögum, þar er greinilega átt við skráða móður þess og skráðan föður þess sbr. 1. gr. a. bl. Oftast á þetta við um kynforeldra, sem eru líffræðilegir foreldrar barns, eða skráða foreldra barns sem getið hefur verið með tæknifrjóvgun.

Í þeim tilfellum þar sem foreldri fer eitt með forsjá yfir barni sínu er að jafnaði talað um forsjáforeldri, en aftur á móti þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá yfir barni sínu er talað um lögheimilisforeldri og umgengnisforeldri. Lögheimilisforeldri er annars vegar það foreldri sem barnið hefur fasta búsetu hjá og þar af leiðandi með skráð lögheimili þar. Umgengisforeldri er hins vegar það foreldri sem barn hefur ekki skráð lögheimili hjá en nýtur umgengni við foreldrið.

Hugtakið *stjúpforeldri* kemur oft á tíðum upp og er þá verið að vísa til þess aðila sem er í hjúskap með kynforeldri barnsins. Hugtakið *sambúðarforeldri* er orð sem er notað um þann aðila sem er í óvígðri sambúð með kynforeldri.¹⁶

¹⁵ Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók*, bls. 50.

¹⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 14.

4.3 Stjúpfjölskylda

Stjúpfjölskyldur eru nú á tíðum algengara fjölskylduform en á árum áður og myndast þessi stjúpbönd yfirleitt vegna skilnaða, sambúðarslita foreldra og/eða í sumum tilfellum vegna andláts maka. Báðir makar koma úr annarri sambúð og eiga mögulega börn fyrir sem alast þá upp á hinu nýja heimili. Þessir aðilar eignast síðan í mörgum tilfellum barn eða börn saman. Stjúpfjölskyldan byggist á hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð.¹⁷

Hægt er að segja að hin nýja fjölskyldugerð, stjúpfjölskylda, hafi orðið til í kjölfar skilnaðarbylgju sem talin er hafa hafist fyrir rúmum fjörutíu árum. Staðreyndin er þó sú að stjúpfjölskyldur hafa alla tíð verið til, en á árum áður mynduðust stjúpfjölskyldur í flestum tilfellum við andlát maka, annars eða beggja.

Stjúpfjölskyldur eru taldar eiga margt sameiginlegt með fjölskyldum einhleypura foreldra en sú fjölskyldugerð getur oft á tíðum verið flóknari að gerð. Börn sem tilheyra stjúpfjölskyldum eiga oft tvö heimili og eru börnin því ákveðinn hlekkur á milli þessara tveggja heimila. Þessi þáttur getur oft verið flókin og hefur meðal annars áhrif á verkefni og samskipti stjúpfjölskyldunnar. Af framangreindu er auðséð að stjúpfjölskyldur geta verið breytilegar og flóknar, en það er í valdi foreldra barna hverju sinni að reyna að huga sem best að barni eða börnum í hverju tilfelli fyrir sig.¹⁸

4.4 Framfærsluskylda

Í 53. gr. bl. kemur fram að foreldrum, báðum saman og hvort um sig, er gert skylt að framfæra barn sitt. Í bl. er stuðst við orðin *meðlag* eða *meðlagsgreiðslur* um þau framlög er foreldri sem barn deilir ekki lögheimili með greiðir með barni sínu til framfærslu þess. Lögheimilisforeldri sinnir lögboðinni framfærsluskyldu gagnvart barni með því að veita því fæði, klæði, húsnæði og þær nauðsynjar er barn þarf, aftur á móti það foreldri er barn deilir ekki lögheimili með sinnir framfærsluskyldum sínum á töluvert annan hátt, þá að jafnaði með greiðslu meðlags til lögheimilisforeldris.¹⁹

¹⁷ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 62.

¹⁸ Velferðarráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*, bls 41.

¹⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 221.

4.5 Forsjá

Forsjá er veigamikið hugtak og er því skilgreining mikilvæg áður en lengra er haldið. Forsjá barns snýst að öllu leyti um þá ábyrgð sem foreldri þarf af uppfylla og þær skyldur sem hvíla á herðum foreldra til að taka allar þær ákvarðanir sem snúa að uppeldi barns þeirra.²⁰ Í fyrsta lagi felur hugtakið forsjá í sér réttindi foreldra til að eins að ráða persónulegum högum barnsins, í öðru lagi eru foreldraskyldur og í þriðja lagi rétt barnsins til forsjár foreldra. Nánar verður farið í forsjá í sjötta kafla hér að neðan.²¹

4.6 Sameiginleg forsjá

Hugtakið *sameiginleg forsjá* er skilgreint á þann hátt að forsjá er sameiginleg þegar báðir foreldrar barns fara saman með forsjá yfir því.²² Með sameiginlegri forsjá fara foreldrar saman með forsjáanna og ber þeim því skylda til að taka sameiginlega allar þær meiriháttar ákvarðanir er snúa að barni þeirra. Þrátt fyrir að sameiginleg forsjá feli í sér að ákvarðanir sem þarf að taka séu ávallt teknar af foreldrum í sameiningu er það samt sem áður lögheimilisforeldrið sem hefur veigameiri rétt til að taka þær allra mikilvægustu í lífi barnsins.²³

4.7 Umgengni

Hugtakið *umgengni* hefur verið skilgreint sem samband barns við það foreldri sem það deilir ekki lögheimili með. Umgengnisréttinum hefur verið gerð skil á þann veg að það sé réttur sérhvers barns að eiga í reglubundinni umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá að jafnaði. Réttur barns til umgengni á alltaf við óháð því hvort aðeins annað foreldrið fer með forsjá barnsins eða hvort foreldrarnir fari sameiginlega með forsjáanna. Umgengnisforeldri hefur rétt til og ber fulla skylda til að sinna umgengni við barn sitt og njóta samvista við það.²⁴

Umgengni er óháð forsjánni og getur umgengnin hvort sem er verið lítil eða mikil, algerlega óháð því hvort forsjá foreldra barns sé sameiginleg eða ekki.

²⁰ Alþt. 2011 - 2012, A-deild, þskj. 328 - 290. mál.

²¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 171.

²² Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók*, bls. 360.

²³ Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1427 – 290. mál.

²⁴ Páll Sigurðsson o.fl.: *Lögfræðiorðabók*, bls. 449.

Umengnin getur verið breytileg og fer það þá að jafnaði eftir aldri barnsins eða aðstæðum þess á hverjum tíma.

5 Löggjöfin

Lög sem samþykkt eru á Íslandi þurfa að vera í takt við æðstu lög landsins, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjskr.). Í stjskr. eru ákvæði sem fjalla um réttindi barna og fjölskyldna og ber þar helst að nefna 1. mgr. 71. gr. stjskr. þar sem kveðið er á um að allir skuli hafa rétt til að njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Undir þetta ákvæði fellur einnig réttur foreldra til að ala upp barn sitt án afskipta utanaðkomandi aðila, þá sérstaklega stjórnvöldum. Sérhverju ríki ber skylda til að grípa til allra mögulegra ráðstafana til að tryggja rétt einstaklinga svo þeir geti notið fjölskyldulífs á sem bestan hátt.

Hægt er að takmarka friðhelgi fjölskyldunnar meðal annars vegna hagsmuna barna, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjskr. þar sem fram kemur að börnum skuli ávallt vera tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Rétti barna er gerð betri skil í annarri innlendri löggjöf og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.²⁵

Barnarétturinn býr yfir þeim helstu réttarreglum sem ná yfir þau réttindi og þær skyldur sem gilda um foreldra og börn. Fræðikerfi lögfræðinnar segir að uppbygging réttarins sé á þann veg að barnarétturinn er hluti af sifjarétti.²⁶

5.1 Barnalög nr. 76/2003

Það er óumdeild staðreynd að stundum hafa foreldrar hafa ekki búið saman eða munu ekki búa alla tíð saman. Er því mikilvægt að ganga út frá því í nútímanum að tengsl og samskipti foreldra barns, hvort sem þau eru í sambúð eða hjónabandi eða eftir sambúðarslit eða hjónaskilnað, að samskiptin séu á ýmsan hátt. Bl. hafa verið þróuð á þann veg að þau samræmist þörfum og hagsmunum barnsins og séu þeir ávallt í forgrunni. Tryggja þarf einnig að tengsl barns séu við báða foreldra sína og foreldrar standi undir þeirri ábyrgð sem fylgir því að eiga barn eftir að skilnaður eða sambúðarslit hafa átt sér stað. Hlutverk bl. er að hafa skýrar lagareglur um réttarstöðu allra barna og foreldra. Þetta eru ófrávíkjanlegar lagareglur sem þjóna hagsmunum barna.

Í bl. er sterklega tekið fram ábyrgð foreldra til að þjóna hagsmunum barna sem allra best og annast uppeldi þeirra án atbeina löggjafans eða yfirvalda og lagðar eru miklar kröfur á að foreldrar vinni saman að því að halda verkefni þeirra um uppeldi barns síns innan ramma bl. Alla tíð hefur verið mikilvægt að foreldrar geri sér grein fyrir hvaða reglur laganna eru ófrávíkjanlegar, hvenær

²⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 10-11.

²⁶ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 17.

foreldrarnir hafa leyfi til að semja um tiltekin atriði sem henta hverju barni fyrir sig. Bl. fjalla með skýrum hætti um lausn ágreiningsmála, svo sem mál um forsjá, búsetu, umgengni eða framfærsluskyldu.²⁷

Reglur um samband foreldra og barna byggjast á meginreglunni um friðhelgi, fjölskyldulíf og einnig því hvað sé barni almennt fyrir bestu. Margar af grundvallarreglum barnaréttarins gilda almennt um foreldra og börn en sumar af þessum reglum hafa mótast í tímanna rás, sérstaklega með tilliti til þeirra barna er ekki búa með báðum foreldrum sínum.²⁸

5.2 Barnasáttmálinn

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er alþjóðlegur samningur er hefur hlotið samþykki hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013 sem tóku gildi þann 6. mars árið 2013. Með fullgildingu samningsins var Ísland orðið skuldbundið samkvæmt þjóðarétti til að fara eftir ákvæðum sáttmálans um það eitt að tryggja alla þá nauðsynlegu vernd og réttindi barna.²⁹ Markmið þessara laga er að styrkja stöðu mannréttinda barna, sbr. 1. gr. laganna.³⁰ Í lengri tíma hefur verið talið að Barnasáttmálinn sé sá mikilvægasti sinnar tegundar.

Með Barnasáttmálanum öðlast börn alþjóðlega virðingu, þau hafa öðlast sjálfstæð réttindi, óháð því hver vilji foreldra þeirra sé eða forsjármanna þeirra. Barnasáttmálinn hefur fram yfir aðrar mannréttindayfirlýsingar í heiminum að hann tekur algerlega til allra réttinda er varða hagsmuni og þarfir barna. Barnasáttmálinn leitast ekki eingöngu eftir að tryggja borgaraleg réttindi barna, heldur leitast hann einnig eftir því að skilgreina félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi barna.³¹

Barnasáttmálinn felur í sér þá viðurkenningu að öll börn hafi sjálfstæð réttindi og sé hverju ríki skylt að virða það. Hann er talinn vera ein af grunnstoðum barnaréttar og tryggir hann börnum öll þau réttindi sem völ er á. Meginregla sáttmálans er sú að ávallt skal hafa að leiðarljósi það sem talið sé barni fyrir bestu.³²

²⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 7.

²⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 10.

²⁹ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, „*Um Barnasáttmálann*“

<<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>> sótt 28. febrúar 2021.

³⁰ Alþt. 2012-2013, A-deild, þskj. 1045 – 155. mál.

³¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 31-32.

³² Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja og erfðaréttur“ Í ritinu *Um lög og rétt – helstu greinar í lögræði*, Reykjavík 2009, bls. 437.

6 Réttindi barna

Börn sem og aðrir einstaklingar hafa ákveðin réttindi, þessi réttindi eru umfangsmikil og eru þau tryggð með lögum. Barn hefur rétt til lífs sem og rétt til að fá að þroskast og dafna á sem besta mögulega hátt, rétt til verndar, umönnunar og þátttöku í lífinu sjálfu. Ávallt skal tryggja að í þeim ákvörðunum sem teknar eru fyrir hönd barns að þær ákvarðanir séu byggðar á því sem er barninu fyrir bestu hverju sinni og hagsmunir þess séu ávallt í fyrirrúmi.³³

Sérhvert barn hefur rétt á umsjá foreldra sinna og til að ná fullum þroska og tryggja skal að andlegum og líkamlegum þroska sé náð. Barn hefur rétt á umhyggju og persónulegri tengingu við foreldra. Tekið er sérstaklega fram í barnasáttmálanum að sérhvert barn hefur rétt til að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning.³⁴ Réttarstaða barna er tryggð með bl., og er þar að finna rétt barnsins sem nær til faðernis, forsjár, umgengni og svo hvernig framfærslu þess skuli háttað.³⁵

6.1 Rétturinn til að þekkja báða foreldra

Í 1. gr. bl. er að finna ákvæði sem tekur til einna af mikilvægustu réttindum barnsins, réttinn til að þekkja báða foreldra sína. Af því gefnu hefur barn því rétt til að það sé réttilega feðrað, þar er nóg að nefna ákvæði um framfærsluskyldu sem hvílir á báðum foreldrum gagnvart barni og rétt barnsins til umgengni við það foreldri sem er forsjárlaus. Leggur þetta ákvæði skyldur á hendur móður að hún skuli feðra ófeðrað barn sitt samkvæmt skýrum fyrirmælum sem getin eru í bl.

Samkvæmt þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 65/2006 og lögum nr. 54/2008 á bl. er móður ekki skylt að feðra barn sitt þótt feðrunarreglur 2. gr. bl. eigi ekki við ef 2. mgr. 3. gr. bl. eða 2. mgr. 6. gr. bl. á við um réttarstöðu barns.³⁶ Þær reglur sem notast er við fyrst eru faðernisreglan eða svokallað „pater-est“ reglan þar sem lögbundið er hver verður sjálfkrafa faðir barns við tilteknar aðstæður, nánar verður gerð grein fyrir þeirri reglu hér að neðan.³⁷

³³ Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, „Um Barnasáttmálann“

³⁴ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls.58.

³⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 26.

³⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 31.

³⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 29.

6.2 Feðrun barns

Margvíslegir hagsmunir eru tengdir því feðrun barns sé tryggð, eða það eigi tvo foreldra. Til álita koma persónulegir og fjárhagslegir hagsmunir barns af því að þekkja uppruna sinn og tengsl við tvo foreldra og þar af leiðandi fá stuðning frá þeim báðum. Út frá þessu koma einnig til álita hagsmunir foreldris er varða réttinn til að þekkja barn sitt, njóta tengsla við það og veita því stuðning. Einnig varðar þetta hagsmuni þess opinbera vegna framfærslu barnsins.³⁸

Fram kemur í 2. gr. bl. að sérstakar faðernisreglur gildi sjálfkrafa um börn hjóna og foreldra barns sem eru í skráðri óvígðri sambúð. Grunnreglan í 2. gr. bl. kallast „pater-est” reglan og gildir sú regla að eiginmaður eða sambúðarmaður móður telst ávallt sjálfkrafa faðir barns ef hún fæðir á meðan á hjúskap þeirra eða sambúð stendur. Þegar móðir elur barn á þeim tíma á meðan hjúskap eða skráðri sambúð með manni stendur, er litið svo á að allar líkur séu fyrir hendi um faðerni barns og ekki sé þörf á frekari aðgerðum til að feðra barn.³⁹

Við lögfestingu bl. nr. 76/2003 komu inn nýmæli þar sem móður var gert skylt að feðra barn sitt. Gerðar voru einnig breytingar á því hvernig „pater-est” reglan kemur til framkvæmda. Til að um sé að ræða sjálfkrafa feðrun barns þarf sambúð foreldranna að hafa verið tilkynnt til Þjóðskrár samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Með þessu fyrirkomulagi verður maður sem býr með móður í óskráðri sambúð ekki sjálfkrafa faðir barns hennar, heldur verður hann að viðurkenna faðerni barns skv. 4. gr. bl. Þegar móðir ákveður að ganga í hjúskap eða skrá sig í sambúð með manni sem hún lýsir föður þess, telst hann faðir barnsins ef barnið er ennþá ófeðrað, skv. 3. mgr. 2. gr. bl. Ef faðernisreglur eiga ekki við, kemur faðernisviðurkenningin til álita, þar sem maður sem tiltekinn hefur verið af móður gengst við faðerni barns, eða dómur í faðernismáli þar sem tiltekinn maður af hálfu móður er dæmdur til að gangast við faðerni barns.⁴⁰

Faðernisviðurkenning, í 4. gr. bl., er ein af þeim leiðum sem hægt er að notast við til að feðra barn. Meginskilyrði fyrir faðernisviðurkenningunni er að kona þarf að hafa lýst tiltekinn mann föður barnsins. Maðurinn getur þá viðurkennt faðernið með skriflegri yfirlýsingu fyrir sýslumanni eða dómara í máli skv. II. kafla bl. Í þeim tilvikum þegar yfirlýsingin er ekki borin undir sýslumann eða dómara er hægt að undirrita bréflaga vottaða yfirlýsingu.

Í þeim tilfellum þegar móðir hefur verið í sambandi með fleirum en einum manni á þeim tíma er getnaðartími barns átti sér stað er almennt réttast að leyst verði úr þeim málum fyrir dómi ef ekki er hægt að komast að niðurstöðu án

³⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 29.

³⁹ Hrefna Friðriksdóttir, „Sifja og erfðaréttur“, bls. 469.

⁴⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 29-30.

atbeina dómstóla. Ef farið er fram á mannfæðilegar rannsóknir, DNA-rannsóknir sem staðreyna faðerni barns samkvæmt samkomulagi aðila, er ekki nauðsynlegt að bera málið undir dómstóla. Samkvæmt 15. gr. bl. getur dómari með kröfu ákveðið með úrskurði að framkvæmd verði blóðrannsókn og mannfæðilegar rannsóknir á aðilum máls og barni. Með því eru þeir sem eiga í hlut skyldugir til að hlíta blóðtöku sem og öðrum rannsóknum.⁴¹

Í þeim tilvikum þegar barn fer fram á að gerðar séu mannfæðilegar rannsóknir á faðerni þess, er ávallt litið til þeirra ríku hagsmuna barns að fá að þekkja báða foreldra sína. Réttur barns er því mikill. Í *dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í máli nr. 340/2010* er komist að þeirri niðurstöðu að réttur barns til að þekkja báða foreldra sína vegur meira en friðhelgi grafreits, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1993 lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Af dómi þessum má sjá að hagsmunir barns að þekkja báða foreldra sína séu mjög ríkir og víkja önnur lög fyrir þeim rétti. Niðurstöður Hæstaréttar voru þær að hagsmunir barns væru það ríkir að þekkja báða foreldra sína að samþykktur var uppgröftur á líki manns til þess að taka lífsýni ú líkamsleifum hans og staðreyna faðerni á þann hátt.

⁴¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 35-36.

7 Forsjá

Í barnarétti er hugtakið *forsjá* mikið notað og með lagasetningu árið 1981 leysti hugtakið af hólmi eldri hugtök sem voru *forræði* og *foreldravald*. Snýst hugtakið forsjá fyrst og fremst um þá ábyrgð, skyldur og réttarstöðu sem eru í höndum foreldra. Inntak hugtaksins er í raun hægt að skipta upp í tvo þætti, annars vegar skyldu forsjáraðila til að annast barn af umhyggju og virðingu í samræmi við það sem talið að sé ávallt barninu fyrir bestu og hins vegar rétt forsjáraðila eða foreldra til að ráða persónulegum högum barnsins. Fram kemur í V. kafla bl. hverjir fara með forsjá barns við ákveðnar aðstæður, þrátt fyrir það er hægt að breyta þessu með staðfestum samningi eða dómi ef lýst móðir og lýstur faðir fara ekki með forsjánnu.⁴²

Forsjá getur verið lögbundin, hægt er að semja um hana eða hún getur fengist samkvæmt dómi og er því forsjáin alltaf í höndum annars eða beggja foreldra. Aðeins geta tveir aðilar farið með forsjá barns á sama tíma. Þegar talað er um *lögbundna forsjá* er átt við þá sem fara með forsjána hverju sinni. Hægt er að gera breytingar á lögbundnu forsjánni með gerð samnings sem öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Í þeim tilfellum þegar foreldrar eru ekki sammála um hvar forsjáin skuli vera og hvert fyrirkomulag hennar skal vera skal leitast við að dómari leysi úr þeim ágreiningi er upp hefur komið og dómara falið að skera úr um hvernig skuli skipta forsjánni. Réttindi foreldra samkvæmt forsjánni er sú að ráðstafa öllu því sem viðkemur barni þeirra án afskipta frá stjórnvöldum, nema slíkt sé bersýnilega andstætt hag barnsins.⁴³

7.1 Inntak forsjár

Í 1.- 4. mgr. 28. gr. bl. er gerð ítarleg upptalning á því sem felst í hugtakinu forsjá. Þar er greint frá því að sérhvert barn hefur rétt til forsjár foreldra sinna, annars þeirra eða beggja, þangað til það verður sjálfráða, sbr. 1. mgr. 28. gr. bl. Foreldrum ber ávallt skylda til að tryggja að barn þeirra fái grunnmenntun og felur það einnig í sér skyldu foreldra til að ráða persónulegum högum barns þeirra.

Brot gegn ýmsum ákvæðum bl. um forsjárskyldur foreldra getur það leitt til afskipta af hálfu barnaverndaryfirvalda. Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 (hér eftir bvl.) er að finna ákvæði sem geta skert rétt forelda, meðal annars með því að barnavernd geti haft afskipti af málefnum er varðar börn og forsjá foreldra. Í 29. gr. bvl. er kveðið á um að hægt sé að svipta foreldra forsjá á

⁴² Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 14.

⁴³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 77.

grundvelli vanrækslu eða þegar foreldri hefur ekki sinnt forsjáskyldum sínum.⁴⁴

7.2 Hverjir fara með forsjá barna?

Í 1. mgr. 29. gr. bl. er að finna ákvæði um lögbundna forsjá barns er býr með foreldrum sínum og segir ákvæðið að barn hafi rétt á forsjá foreldra sinna sem eru í hjónabandi eða eru í skráðri sambúð, foreldrar barns fara því sameiginlega með forsjána. Vert er að taka fram að þeir foreldrar sem búa saman í óskráðri sambúð geta samið um það hjá sýslumanni að forsjáin verði sameiginleg. Í þeim tilfellur þegar foreldrar eru hvorki í skráð í hjúskap eða skráða sambúð fer móðirin að jafnaði ein með forsjá yfir barninu, sbr. 2. mgr. 29. gr. bl.⁴⁵

Mismunandi er hvernig forsjá barns er háttað eftir skilnað foreldra eða sambúðarslit. Við skilnað hjóna eða sambúðarslit aðila er litið til meginreglu barnaréttar um að forsjáin haldist áfram sameiginleg, nema að ákvörðun um annað hafi verið tekin, sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. bl. Foreldrar geta því ákveðið hvort þau séu bæði eða annað þeirra með forsjána, sýslumaður sér því um að leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barn hefur í för með sér.

Með ákvörðun um forsjá þarf að tryggja að hagsmunir barns séu alltaf hafðir að leiðarljósi. Þegar sýslumaður samþykkir samning milli foreldra um forsjá, þarf samþykkið að tryggja að samningurinn fari ekki í bága við hagsmuni barnsins eða sé ólögætur á einhvern hátt.⁴⁶

7.3 Sameiginleg forsjá

Hugtakið *sameiginleg forsjá* merkir að foreldrar fara saman sameiginlega með forsjá barns þeirra og ber þeim skylda til að annast barn sitt í sameiningu hvort sem þeir eru í hjúskap, skráðri sambúð eða hafa slitið sambúð eða hjúskap. Sameiginleg forsjá stofnast sjálfkrafa við hjúskap foreldra eða sambúð þeirra. Við skilnað eða sambúðarslit foreldra helst forsjáin sameiginleg, nema annað hafi verið ákveðið, þá ávallt með samningi eða dómi, sbr. 32. gr. bl. Foreldrar sem aldrei hafa búið saman hafa þann möguleika að semja um að fara sameiginlega með forsjána en í þeim tilfellum er gerð sú krafa að sýslumaður

⁴⁴ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 81-82.

⁴⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 89.

⁴⁶ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181-180. mál.

staðfesti þann samning til þess að hann taki gildi. Í þeim tilfellum þar sem forsjáin er sameiginleg, þurfa foreldrar að komast að sameiginlegu samkomulagi um hjá hvoru foreldrinu barnið á að hafa lögheimili. Þegar óleysanlegur ágreiningur kemur upp milli foreldra getur það leitt til að slíta verði samkomulagi um sameiginlega forsjá, sem áður var um samið.⁴⁷

Í seinni tíð hefur verið vaxandi áhersla lögð á sameiginlega forsjá og þátttöku beggja foreldra í uppeldi barna en samfara því hefur mikið borið á óvissu um hvert hlutverk hvors foreldris fyrir sig sé hvað ákvarðanir varðar.⁴⁸ Sameiginleg forsjá, líkt og forsjá almennt, getur verið lögbundin, umsamin eða ákvörðuð með dómi. Við tilteknaðar aðstæður er sameiginleg forsjá lögbundin ef litið er til 29. gr. bl. Fram hefur komið að barn hefur rétt á forsjá beggja foreldra sinna eftir því hvernig högum þetta er háttað, skv. 29. gr. bl.⁴⁹

Ákvæði 28. gr. a. bl. kveður á um inntak sameiginlegrar forsjár. Ákvæðið gildir um alla þá foreldra er fara sameiginlega með forsjá barns. Samkvæmt þessu ákvæði þurfa foreldrar að taka allar meiriháttar ákvarðanir er varða líf barns sín í sameiningu. Með nýmælunum er lögfest voru með breytingarlögum nr. 61/2012 átti þau að endurspegla með skýrari hætti hvert hlutverk forsjáforeldra væri þegar þeir búa ekki saman á heimili.⁵⁰

Ákvæðið 28. gr. a. bl. byggir á því að samkomulag milli foreldra sé forsenda þess að sameiginleg forsjá sé möguleiki. Ef foreldrar sjá ekki fram á að ná sáttum sín á milli með aðstoð sýslumanns, ráðgjafa eða dómara sé ágreiningurinn milli aðila alla jafna það djúpstæður að sameiginleg forsjá ákveðin af dómara myndi valda togstreitu og erfiðleikum fyrir barn. Sameiginleg forsjá leiðir ávallt til aukinnar ábyrgðar og þátttöku beggja foreldra í lífi barns. Þegar skortur er á góðri samvinnu milli foreldra og samstarfsvilja þeirra getur það haft í för með sér að sameiginleg forsjá sé ekki möguleiki og því réttast að semja um aðra möguleika.⁵¹

7.4 Heimild til að dæma sameiginlega forsjá

Ekki eru allir sammála um hvort heimild eigi að vera til staðar fyrir dómara að dæma sameiginlega forsjá yfir barni eða hvort sameiginleg forsjá eigi aðeins að koma til álita í þeim tilvikum þegar foreldrar eru sammála um fyrirkomulagið sameiginlega forsjá. Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá var lögfest með lögum nr. 61/2012 en fyrir þann tíma var einungis hægt

⁴⁷ Innanríkisráðuneytið. *Forsjárnefnd, lokaskýrsla til dómsmálaráðherra.*

⁴⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 78.

⁴⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 78.

⁵⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 83.

⁵¹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

að dæma forsjá til annars hvors foreldris ef ágreiningur fór fyrir dómstóla, þrátt fyrir að báðir foreldrar barns væru metnir jafn hæfir.

Vert er að minna á að það er ávallt barni fyrir bestu að foreldrar nái í sameiningu að stuðla að góðri samvinnu og séu samstíga um þau atriði er varða barn þeirra og málefni þess en slíkt krefst alltaf tillitsemi og sveigjanleika af hálfu beggja. Erfitt getur reynst að ætla foreldrum sem fara sameiginlega með forsjá barns og standa saman að öllum ákvörðunum er varða barnið. Þar er í raun verið að tala um að foreldrar standi saman að öllum stórvægilegum ákvörðunum er varða hagsmuni og þarfir barns, meðal annars með því að skapa barni örugg og þroskavænleg skilyrði. Mikilvægt er því að foreldrar eyði allri óvissu úr lífi barns þeirra og hugsanlegum ágreiningi sem skapast getur um daglegt líf þess.⁵²

Þegar dómari ákvarðar hvort foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns horfir hann til þess að foreldrarnir þurfa að vera jafn hæfir til að fara með forsjá barnsins. Í 2. mgr. 34. gr. bl. eru tiltekin þau atriði sem dómara ber að líta til við ákvörðun sína um það hvort dæma eigi sameiginlega forsjá. Fyrst og fremst ber honum að skoða hvað barninu sé fyrir bestu. Því næst metur hann hæfi forelda til að fara með forsjá barns, stöðugleika sem er í lífi barns á þeim tíma, tengsl barnsins við báða foreldra, skyldu foreldra til að tryggja rétt barnsins til umgengni og að lokum hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi. Einnig tekur dómari tillit til vilja barns í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til aldurs og þroska barnsins.⁵³

Dómari hefur heimild til að dæma foreldra til að fara sameiginlega með forsjá þó ágreiningur sé til staðar á milli foreldra, en slíkur ágreiningur má þó ekki vera það djúpstæður að hann hindri eða dragi úr möguleikum barnsins til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Með þessari heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá er talið að meiri líkur séu á að sáttaumleitan skili árangri þegar verið er að deila um forsjá.⁵⁴

Í *dómi Hæstaréttar Íslands frá 9. júní 2016 í máli nr. 67/2016* var niðurstaða dómsins sú að foreldrar skyldu fara í sameiningu með forsjá barns af þeim ástæðum að auðséð þótti að báðir foreldrar væru fullfærir um að geta tekið saman sameiginlegar ákvarðanir um líf barns þeirra og hefðu foreldrar allt til þess til að vinna saman að velferð barnsins.

Hrd. 67/2016: K og M deildu á milli sín um það hver forsjá barns þeirra skyldi vera og hvernig regluleg umgengni barns skyldu vera við M. Dómari taldi að báðir foreldrar barns væru fullhæfir til þess að fara með forsjá barnsins. Það var því ráðið af gögnum málsins að þau væru fullfær um það að taka sameiginlega í þágu barnsins allar meiriháttar ákvarðanir er vörðuðu barnið og að jafnaði hefðu þau

⁵² Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 83.

⁵³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 22.

⁵⁴ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

getu til þess að vinna saman að velferð barnsins og þroska þess. Komist var að þeirri niðurstöðu að M og K færu sameiginlega með forsjá barnsins.

Alla jafna verður að ganga út frá því þegar dómari dæmir sameiginlega forsjá að gott samstarf sé milli foreldra þar sem ríkar skyldur eru lagðar á herðar foreldra með sameiginlegri forsjá. Mikilvægt er að þeir sem ákvarða hvernig forsjá skuli háttáð geri sér grein fyrir að farsæl sameiginleg forsjá byggist á stöðugu samstarfi foreldra. Eins og sagt hefur verið, er mikilvægt þegar dómari ákveður að dæma sameiginlega forsjá að það liggi ljóst fyrir að báðir foreldrar séu jafnhæfir til að fara með forsjá barns þeirra og ef ágreiningur skapast að hann risti ekki það djúpt að muni hafa áhrif á barnið.

Í þeim tilfellum ef dómari metur það sem svo að ágreiningi foreldra sé þannig háttáð að hann muni bitna á hagsmunum barns, ber honum að dæma forsjá til annars hvors foreldrisins. Sú heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá er vandmeðfarin og þarf að beita henni af mikilli varfærni.⁵⁵

Í dómi *Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar 2018 í máli nr. 482/2017* ákvað dómari að sameiginleg forsjá myndi ekki henta í þessu tilviki. Af þessum dómi má sjá að greinilegt er að ágreiningur og átök foreldra eiga þátt í ákvörðun dómara um forsjá. Er því mikilvægt að hægt sé að halda ágreiningi og átökum utan barna.

Hrd. 482/2017 K og M deildu sín á milli um hver forsjá tveggja barna þeirra skyldi vera og hvernig umgengnisrétti skyldu háttáð. Í matsgerð um forsjárhæfni aðila var komist að þeirri niðurstöðu að það þjónaði ekki hagsmunum barnanna að K og M færu sameiginlega með forsjá barnanna. Ástæða þess var meðal annars vegna áralangrar sögu um ágreining og átök á milli K og M. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu í ljósi samskipta K og M skyldi K fara ein með forsjá barnanna. Taldi Hæstiréttur að virtum vandkvæðum og átökum í samskiptum K og M að fallist yrði á með héraðsdómi að það þjónaði hagsmunum barnanna best ef K færi ein með forsjá þeirra.

⁵⁵ Alþt. 2011-2012, A-deild, þskj. 1427 – 290. mál.

8 Umgengni

Umgengni snýr að samveru og samskiptum barns og þess foreldris sem barnið hefur ekki fasta búsetu hjá. Umgengni er óháð því hvernig forsjánni er hagað og getur því umgengni verið mikil eða lítil, þrátt fyrir að forsjáinn sé til dæmis sameiginleg. Umgengni getur verið jöfn hjá báðum foreldrum þrátt fyrir að barnið hafi fasta búsetu hjá aðeins öðru þeirra. Umgengni getur tekið breytingum, til dæmis eftir aldri barns og aðstæðum, án þess að breyta þurfi forsjánni eða búsetu barnsins.⁵⁶

Í þjóðfélaginu í dag hefur verið lögð aukin áhersla á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra og með því er hægt að ganga út frá að börn njóti oftast reglubundinnar umgengni við foreldri sem barn býr ekki hjá. Með þróuninni hefur umfang umgengni almennt séð aukist á undanföllum árum. Umgengni barns og foreldris á fyrst og fremst að miðast við þarfir barnsins og skal umgengi ávallt vera innan þeirra marka sem barn ræður við, með tilliti til aldurs og þroska.⁵⁷ Samvera barns og foreldra hefur ávallt verið talin grundvallarþáttur í fjölskyldulífi en útfærsla á umgengnisrétti verður að taka skýrt mið af þörfum og velferð barns.⁵⁸

Í 46. gr. bl. er fjallað um þann rétt sem barns hefur til að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá, með tilliti til að umgengnin dragi ekki úr líkum á því að hagsmunum barnsins sé fyllilega gætt.⁵⁹ Í VIII. kafla bl. eru ákvæði er varða rétt barns til umgengni, samninga og úrskurði um umgengni og hvernig framfylgja skuli ákvörðun sem tekin hefur verið um umgengni. Umgengnin getur oft á tíðum verið breytileg þannig að hún breytist með hækkandi aldri, aðstæðum og þroska barnsins. Í umgengismálum skiptir miklu máli fyrir barnið að foreldrar þess geri sér fulla grein fyrir hverjar þarfir barnsins eru hverju sinni og gætt sé að hagsmunum þess við ákvörðun á umgengni. Þá er grundvallaratriði að foreldrar séu meðvitaðir um að þarfir barnsins eiga að ganga framfar þörfum þeirra sjálfra og láti það ekki standa í vegi fyrir rétti barnsins.⁶⁰

⁵⁶ Hrefna Friðriksdóttir, „Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá“ Reykjavík 2011, bls. 293.

⁵⁷ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

⁵⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 172.

⁵⁹ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

⁶⁰ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 172.

8.1 Ákvörðun um umgengni

Við ákvörðun um umgengni getur verið erfitt að meta hvað sé best fyrir barnið hverju sinni. Við ákvörðunina þarf að tryggja að barnið fái góða umönnun, jákvæð tengsl, stöðugleika, öryggi, ró, jákvæðan aga og að barni sé tryggð fyrirsjáanleg framtíð. Aðalmarkmið umgengni er sú að umgengnin á að nýttast barni á sem bestan hátt og hjálpa því í að ná tilsettum þroska.⁶¹ Leggja á mat á hvað barni sé fyrir bestu í hverju tilviki fyrir sig, þá sérstaklega hve langt má ganga ef þvinga þarf fram umsamda umgengni.⁶²

Nauðsynlegt er ávallt að taka tillit til líðan barns í umgengni og er mikilvægt að umgengnin sé ekki erfið fyrir barnið, þá sérstaklega að henni fylgi ekki álag eða þjáning. Umgengnin á ekki að ógna tilfinningalegum og félagslegum þroska barnsins. Ef umgengni við umgengnisforeldri er tálmuð getur barn farið á mis við þann möguleika á að njóta jákvæðra tengsla við það foreldri eða fjölskyldu þess. Umgengni skal ávallt miðast að jafnaði við þarfir barnsins og skal umgengnin vera innan þeirra marka sem barnið ræður sjálf við og réttast er að umgengnin nýtist barninu sem best og sé því til góða.⁶³

Umgengnisforeldri hefur bæði rétt og skyldur gagnvart barni til að rækja umgengni við það og lögheimilisforeldri hefur því þær skyldur að stuðla að umgengið við hitt foreldrið, sbr. 2. mgr. 46. gr. bl.⁶⁴ Skylda til að tryggja rétt barnsins til að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá, hvílir á báðum foreldrum, sbr. 1. mgr. 46. gr. bl. Umgengnisforeldri hefur ávallt rétt á að taka nauðsynlegar ákvarðanir er snerta daglegt líf barns á meðan á umgengni stendur. Eins ber lögheimilisforeldri að upplýsa umgengnisforeldri um þær ákvarðanir svo umgengni þjóni hag og þörfum barnsins, sbr. 3. mgr. 46. gr. bl.

Eins og sagt hefur verið er mikilvægt að þegar ákvarðanir eru teknar um umgengni barns þurfi að taka mið af þroska hvers og eins og hafa í huga á hvaða aldursskeiði barn er þegar ákvörðunin er tekin.⁶⁵

Við ákvörðun á umgengni hjá ungabörnum er að mestu leiti ætlast til að umgengnisforeldrið komi til barnsins og njóti samvista við það á þeim stað sem það þekkir sig, á þetta þá sérstaklega við ef barn hefur ekki búið með því foreldri sem það fer í umgengni til.⁶⁶

Þegar kemur að umgengni við börn á leikskólaaldri er mikilvægt að taka tillit til þroska barnsins því aldur barns á þeim tíma er viðkvæmur og barnið

⁶¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 172.

⁶² Hrefna Friðriksdóttir, „Úrræði vegna umgengnistálmana“ Reykjavík 2012, bls. 346.

⁶³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 174.

⁶⁴ Hrefna Friðriksdóttir, „Sifja og erfðaréttur“, bls. 480.

⁶⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 175.

⁶⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 175.

þarf á reglu að halda og passa þarf upp á allar þær breytingar sem gera þarf og tryggja að þessar breytingar valdi ekki streitu hjá barni.

Þegar litið er til barna er náð hafa skólaaldri eiga þau oft á tíðum auðveldara með að taka þátt í meiri umgengni og hafa þau öðlast meiri hæfni til að vera ekki stöðugt hjá lögheimilisforeldri. Á þessum aldri eru börnin farin að geta tjáð sig betur og því auðveldara fyrir barn að tjá sig um það hvað því líkar og mislíkar, frekar en yngri börn sem minna geta tjáð sig. Almennt má segja að því eldri sem börnin eru, því meiri hæfni hafa þau til að ráða við umgengni og takast á við mismunandi umhverfi og umönnun. Unglingar og eldri börn eru farin að geta ákvarðað sjálf hversu mikla umgengni þau vilja og er mikilvægt að taka tillit til vilja þeirra þegar aldur þeirra og geta til að láta skoðun sína í ljós er orðin meiri.⁶⁷

8.2 Jöfn umgengni

Algengt hefur verið að foreldrar semji frekar um *jafna umgengni*, það er að umgengnin sé jöfn á við þann tíma sem barnið er hjá lögheimilisforeldri sínu og umgengnisforeldri sínu. Með ákvörðun um jafna umgengni þarf að hafa þarfir barnsins í forgangi. Mikilvægt er að þarfir barnsins vegi þyngra en jafnrétti foreldranna.⁶⁸ Eftir að sameiginleg forsjá kom inn í bl. hefur umfang umgengni magnast og foreldrar notast við jafna umgengni í ríkari mæli.

Í þeim tilfellum þegar samið er um jafna umgengni er umgengnin jöfn milli foreldra. Við ákvarðanatöku í þessum málum þarf að hafa hugfast hvort þessi umgengnisáferð sé rétt fyrir barnið og hvort umgengnin sé í takt við þær þarfir sem barni eru nauðsynlegar, en ekki í samræmi við þarfir foreldranna. Jöfn umgengni gengur ekki upp fyrir öll börn og er því mikilvægt að tekið sé ávallt mið af hverju barni fyrir sig, því ekki er sjálfgefið að jöfn umgengni henti hverju barni og sé barni því alltaf fyrir bestu.⁶⁹

Oft á tíðum kemur upp ágreiningur milli foreldra hvernig umgengni skuli háttað getur þá sýslumaður ákvarðað um umgengni með úrskurði, eins og áður hefur verið vikið að. Sýslumaður þarf að hafa hugfast við úrlausn mála um umgengni að ákvörðun hans þurfi að vera í samræmi við hagi barnsins og hvað sé því fyrir bestu, sbr. 47. gr. bl.⁷⁰

Við ákvörðun foreldra um að hafa jafna umgengni er eitt mikilvægt skilyrði sem þarf að uppfylla til að umgengnin geti gengið upp og umgengnin verið sem farsælust fyrir alla. Samskipti foreldra þurfa að vera góð fyrir bæði barn

⁶⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 176-177.

⁶⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 172.

⁶⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 174.

⁷⁰ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

og foreldra og uppbyggileg að sama skapi, foreldrar þurfa að geta borið virðingu fyrir hvort öðru og sýnt tillitssemi í garð hvors annars.⁷¹

Í dómi *Hæstaréttar Íslands frá 13. júní 2013 í máli nr. 91/2013* var deilt um hvernig umgengni myndi henta barni best.

Hrd. 91/2013: M og K áttu saman A en M og K ákváðu að slíta sambúð árið 2011. M og K sömdu um það að fara sameiginlega með forsjá yfir A og A skyldi dvelja aðra hvora viku hjá M. K höfðaði forsjármál árið 2012 þar sem hún greindi frá því að þetta fyrirkomulag væri ekki að ganga upp fyrir A. Hæstiréttur taldi að ætla megi að jöfn umgengni henti ekki ungum börnum á sama og hátt og hún geti hentað þeim sem eldri eru. Dómurinn féllst því á það að jöfn umgengni geti ekki hentað A með tilliti til aldurs. K var dæmd forsjá barnsins. Umgengni við M var ákveðin að hún skyldi vera aðra hverja viku frá fimmtudegi til mánudagsmorguns.

Samkvæmt þessum dómi er hægt að segja að dæmt hafi verið samkvæmt því sem barninu hafi verið fyrir bestu á þessum tíma. Þar sem umgengnin og breytingarnar við það eitt að fara á milli heimila truflaði þroska barnsins og olli því streitu, hentaði jöfn umgengni illa með tilliti til aldurs barns. Þar sem dómari dæmdi K forsjá barnsins og ákvarðaði einnig um umgengni A við M, sem endurspeglar það að dómara beri að líta til þess er hentar hverju barni fyrir sig, ekki hógum og þörfum foreldra.

8.3 Skyldan til umgengni

Samkvæmt íslenskum rétti á það foreldri sem barn deilir ekki lögheimili á rétt á því að sinna umgengni við barn sitt og ber því foreldri skylda til að rækja umgengi við barn sitt. Gert er ráð fyrir að foreldrar finni til ábyrgðar í þessum efnum og óski því eftir umgengni við barn sitt og gæti að því að sinna skyldum sínum í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið. Í þeim tilfellum er umgengnisforeldri sinnir ekki umgengni eins og samningur segir til um fellur skyldan á það foreldri er barn býr hjá, að sinna því þann tíma er það átti að fara í umgengni.

Viðurlög við þessum brotum á umgengni af hálfu umgengnisforeldis hefur verið hafnað á Norðurlöndum þar sem talið er að það gangi gegn hagsmunum barns að þvinga þurfi fram umgengni þegar foreldri er óviljugt til að sinna umgengni með beitingu þvingunarúrræða.⁷²

⁷¹ Hrefna Friðriksdóttir, „Úrræði vegna umgengnistálmana“, bls. 349-350.

⁷² Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

9 Búseta

Búseta er mikilvægt atriði sem skoða þarf vel við vinnslu mála er varða börn. Eins og áður hefur komið fram gera ákvæði núgildandi bl. ráð fyrir því sem meginreglu að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns þrátt fyrir að þeir velji að slíta hjúskap eða sambúð sinni.⁷³ Barn skal að jafnaði hafa fasta búsetu hjá lögheimilisforeldri.

Með þessu er aðeins verið að hugsa um það sem barninu er fyrir bestu, að eiga sitt formlega heimili eða formlega búsetu á einum stað.⁷⁴ Búseta barns hefur, eins og forsjá barns, tiltekin réttaráhrif. Réttarstaða lögheimilisforeldris er önnur heldur en réttarstaða umgengnisforeldris. Lögheimilisforeldri hefur til að mynda réttarstöðu einstæðs foreldris þegar kemur að innheimtu, meðlagsgreiðslum og öðrum greiðslum, t.a.m. frá Tryggingastofnun ríkisins.⁷⁵

Hugtakið búseta hefur verið notað í þeim tilgangi að afmarka frekar inntak sameiginlegrar forsjár foreldra er búa ekki saman. Hugtakið snýst í raun fyrst og fremst um réttarstöðu og er almennt óháð fyrirkomulagi umgengni.⁷⁶

Mikilvægt er að koma á framfæri að föst búseta hjá báðum foreldrum barns og jöfn umgengni haldast ekki alltaf í hendur, þar sem barn getur aðeins átt fasta búsetu hjá öðru foreldri en umgengnin sjálf getur aftur á móti verið jöfn. Eins og fram kemur í bl. getur barn aðeins átt lögheimili hjá öðru foreldri. Gerð var tillaga um breytingar á bl. í þá átt að foreldrar sem ákveða að fara sameiginlega með forsjá barns síns geti samið sín á milli um að lögheimili barns verði hjá öðru þeirra en búsetuheimili hjá hinu. Þessi tillaga hefur loks verið samþykkt og hefur því verið leidd í lög hér á landi. Verður vikið betur að breytingum á bl. og farið verður yfir skipt búsetuform barna síðar í ritgerðinni.⁷⁷

9.1 Lögheimili

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 80/2018 lög um lögheimili og aðsetur (hér eftir lul.) er kveðið á um að *lögheimili* sé sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu. Ekki er heimilt samkvæmt lögum að einstaklingur eigi lögheimili á fleiri en einum stað í einu. Með hugtakinu *fastri búsetu* er átt við þann stað þar sem einstaklingur hefur aðsetur, dvelst að jafnaði í frítíma og hefur heimilismuni sína á þeim stað og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um

⁷³ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

⁷⁴ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 15.

⁷⁵ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

⁷⁶ Hrefna Friðriksdóttir, „Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá“, bls. 293.

⁷⁷ Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 1374 – 778. mál.

stundarsakir vegna náms, orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra atvika, sbr. 2. mgr. 2. gr. lul.

Í 6. gr. lul. er kveðið á um lögheimili barna sem eru yngri en 18 ára. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins skal barn sem ekki hefur náð 18 ára aldri hafa sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir eru í hjúskap eða skráðri sambúð, en hafi foreldrar skilið eða slitið sambúð hefur barnið skráð lögheimili hjá öðru þeirra. Hafi foreldrar ekki verið í hjúskap eða skráðri sambúð þegar barn fæðist skal lögheimili þess vera hjá því foreldri er fer með forsjá þess, sbr. 3. mgr. 6. gr. lul. Í 5. mgr. ákvæðisins kemur skýrt fram að fyrir utan ákvæði lul. um lögheimili barna gilda ákvæði bl..

9.2 Jöfn búseta

Eftir skilnað hefur *jöfn búseta* barna hjá báðum foreldrum færst í mikinn vöxt. Þróun sem þessi má telja að tengist auknu foreldrajafnrétti og breyttum viðhorfum foreldraábyrgðar með tilliti til hugmynda um vernd barna og rétt þeirra til beggja foreldra sinna. Skilgreining á hugtakinu jöfn búseta er ekki til í íslenskum lögum en hugtakið felur í sér að barn dveljist jafnt til skiptis hjá báðum foreldrum sínum, hvort sem þau hafa aldrei búið saman eða við skilnað þeirra. Í þeim tilfellum er foreldrar ákveða að hafa búsetuna jafna þurfa þeir að ákveða hvernig þeir ætla að haga þessu fyrirkomulagi, hvort sem það er vika og vika eða annað fyrirkomulag sem hentar barninu sem best.⁷⁸

⁷⁸ Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir: „Raddir skilnaðarbarna: Um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað“. *Tímarit um uppeldi og menntun* 2016, bls. 3-5.

10 Framfærsluskyldan

Framfærsluskylda er skyldan sem hvílir á herðum foreldra til að framfæra barn sitt. Í IX. kafla bl. er fjallað um framfærsluskyldur foreldra gagnvart börnum sínum. Allir foreldrar eru framfærsluskyldir, hvort sem þeir eru í sambúð eða ekki. Þegar foreldrar búa ekki saman ber því foreldri sem ekki hefur lögheimili með barni sínu að greiða hinu foreldrinu framlög, um þau framlög er notuð orðin *meðlag* eða *meðlagsgreiðslur* sem greitt er til framfærslu. Greiðslur sem þessar eiga að renna til daglegrar framfærslu barns og ber viðtakanda greiðslanna að ráðstafa þeim á þann hátt að þær nýtist framfærslu barnsins sem best.⁷⁹ Hér á eftir verður fjallað nánar um framfærsluskylduna og greiðslur sem greiddar eru sem meðlag.

10.1 Framfærsluskylda barna á árum áður

Framfærsluskylda foreldra hefur alla tíð verið rík og ákvæði um skyldur feðra til að taka þátt í framfærslu barna sinna sem fædd eru utan hjónabands er hægt að rekja aftur til *Jónsbókar*.⁸⁰ Einnig var talað um framfærslu óskilgetins barns í *Grágás* þar sem skyldan hvíldi á föður barns og ætt hans. Á þeim tíma var litið á að samneyti og barneign með ógiftri konu sem brot gegn konunni og ætt hennar, og var þá litið á framfærslueyrinn sem bætur fyrir brotið. Foreldrar óskilgetins barns skyldu báðir kosta framfærslu þess.

Á þessum tíma var talað um *meðgjöf*, sem var greiðsla af hendi föður til að greiða með barni sínu og greiddi hann með barni til 10 ára aldurs. Við gildistöku fátækralaga nr. 44/1905 breyttust reglur um framfærsluskyldu foreldra þar sem báðir foreldrar voru áfram framfærsluskyldir en réttarstaða móður var bætt á þann veg að ætt barnsföður hennar var gert skylt að greiða móður framfærslu.⁸¹

Við setningu laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna urðu litlar breytingar á reglum um framfærsluskyldu foreldra gagnvart skilgetnum börnum. Þá var gert ráð fyrir í þeim tilvikum þar sem foreldrar höfðu slitið samvistum að það foreldri sem barn bjó ekki hjá, yrði að efna framfærsluskyldu sína með greiðslu meðlags. Upphæð meðlagsgreiðslunnar skyldi fara eftir högum beggja foreldra þar sem framfærslan miðaðist að því að veita barninu nauðsynlegt lífsviðurværi og var skyldan jöfn á báða foreldra. Í lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921 var móður skylt að framfæra og ala

⁷⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 221.

⁸⁰ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

⁸¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 45.

upp óskilgetið barn sitt, þá var þess sérstaklega getið að framfærsluskylda móður væri sú sama og framfærsluskylda foreldra skilgetinna barna. Ef maður sem gengist hafði við faðerni óskilgetins barns eða hefði verið dæmdur faðir þess, væri honum jafnt skylt og móður að kosta framfærslu barnsins og uppeldi þess.⁸²

Með fyrstu heildstæðu barnalögunum nr. 9/1981 voru sameinuð ákvæði um framfærslu barna hvort sem um er að ræða skilgetin eða óskilgetin börn. Eitt af nýmælum í þeim lögum var að framfærslualdur barns var hækkaður í 18 ár.⁸³ Þrátt fyrir að barnalögin hafi verið endurskoðuð bæði árið 1992 og 2003 voru ekki gerðar miklar breytingar á ákvæðum um framfærslu barna og meðlag. Er því hægt að segja að fyrirkomulagið hafi haldist að mestu leyti óbreytt frá upphafi tuttugustu aldar.⁸⁴

10.2 Skyldan til framfærslu

Foreldrum ber báðum skylda til að framfæra barn sitt, sbr. 1. mgr. 53. gr. bl. Þá er nauðsynlegt að haga framfærslu barns með það til hliðsjónar að taka þurfi mið af högum foreldra og þörfum barns. Skyldan er óháð því hvort foreldrar búi saman eða ekki, eða hvort foreldrið fer með forsjá barns eða hjá hvoru barnið býr.⁸⁵ Getur þetta einnig átt við um þá foreldra sem samið hafa um jafna búsetu barns, enda búi barnið hjá þeim báðum og er foreldrunum frjálst að haga framfærslu barnsins með þeim hætti er þau kjósa svo lengi sem framfærslan þjóni hagsmunum og þörfum barnsins.⁸⁶

Upp geta komið aðstæður þar sem barn býr hjá hvorugu foreldri og eru þá báðir foreldrar framfærsluskyldir. Í þeim tilfellum býr barn yfirleitt hjá öðrum samkvæmt lögmætri skipun og getur sá aðili farið fram á að frá greiddar meðlagsgreiðslur með þeim fyrirvara að hann standi straum af framfærslu barnsins. Lögmæt tilskipun er þegar barn býr hjá öðrum aðila með samþykki frá forsjármanni, sem er yfirleitt eftir atvikum barnaverndaryfirvöld.⁸⁷

Foreldrar eru réttilega framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum og í bl. er að jafnaði notast við orðin *meðlag* eða *meðlagsgreiðslur* um þau framlög sem umgengnisforeldri greiðir til lögheimilisforeldris til framfærslu barns.⁸⁸ Ber umgengnisforeldri skylda til að greiða þessi framlög með barni sínu þar til það

⁸² Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 50.

⁸³ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 55.

⁸⁴ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

⁸⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 223.

⁸⁶ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

⁸⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 228.

⁸⁸ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 221.

nær 18 ára aldri. Foreldri sem barn hefur lögheimili hjá, sinnir sinni lögboðnu framfærsluskyldu, en hitt foreldrið greiðir meðlag. Lögbundin framfærsluskylda er skylda sem foreldri sem barn býr hjá þarf að uppfylla, að veita barninu húsnæði, fæði, klæði og annað sem þarfir barnsins kalla á.⁸⁹

Foreldrum er gerð skylda til að ákvarða meðlag með barni þeirra í þeim tilfellum sem þau búa ekki saman. Framfærsluskyldan er háð aðstæðum og má því ekki takmarka meðlag við lægri fjárhæð en það sem nemur barnalífeyri, sem er fjárhæð einfalds meðlags, óháð umgengni. Meðlag tilheyrir barninu og er það í höndum lögheimilisforeldris að sjá til að meðlaginu sé ráðstafað til framfærslu barnsins.

Eins og fram kom í níunda kafla um búsetu hefur lögheimilisforeldri réttarstöðu einstæðs foreldris og hefur því rétt til að innheimta meðlagið og ráðstafa því. Þegar foreldri er í þeirri stöðu að geta innt af hendi hærra meðlag til framfærslu barns en það sem nemur einföldu meðlagi er talið að barn eigi að njóta þess í formi aukins meðlags, en nánar verður fjallað um aukið meðlag í kafla 10.7.⁹⁰

10.3 Meðlagsgreiðslur

Líkt og getið hefur verið hér að framan eru *meðlagsgreiðslur* ætlaðar til daglegrar framfærslu barns og greiðast þær til þess foreldris er barn býr hjá og er það skylda viðtakanda greiðslanna að ráðstafa þeim þannig að þær nýtast sem best og á réttan hátt til framfærslu barnsins. Meðlagsgreiðslurnar eru greiddar með reglubundum hætti, jafnt og þétt. Ekki er hægt að greiða meðlagsgreiðslurnar með eingreiðslu eða í stærri áföngum, foreldrum er því einnig óheimilt við fjárskipti sín að semja á þann veg að það foreldri sem barn býr hjá fái aukinn hlut í sameiginlegum eignum í stað meðlagsgreiðslna.⁹¹

Eins og fram hefur komið skal greiða meðlag mánaðarlega fyrirfram nema annað sé löglega ákveðið, sbr. 63. gr. bl. Foreldrar geta þó að einhverju leyti samið um einhver frávík frá þessu, að því tryggðu að hagsmunir barns yrðu taldir tryggir. Réttur barns til að meðlag tilheyrir því er tryggður í 2. mgr. 63. gr. bl. þar sem kveðið er greinilega á um að meðlag tilheyrir barni og skal meðlagið notað í þágu þess.⁹² Í dómi *Hæstaréttar Íslands frá 26. febrúar 2009 í máli nr. 369/2008* var farið fram á ógildingu skilnaðarkjarasamnings þar sem meðlag átti að vera í formi eingreiðslu.

⁸⁹ Alpt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

⁹⁰ Alpt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

⁹¹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 221.

⁹² Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. bls 241.

Hrd. 369/2008 Í fjárskiptasamningi vegna skilnaðar M og K var ákveðið að M myndi greiða tvöfalt meðlag með börnum þeirra. Í samningum var kveðið á um að það meðlag sem væru umfram einfalt meðlag teldist að fullu greitt með eingreiðslu. Fjárhæð eingreiðslunnar tók mið fjárhæð lágmarksmeðlags reiknað til 18 ára aldurs barnanna. M krafðist þess að samningur þeirra á milli yrði felldur úr gildi á þeirri forsendu að samningurinn hefði verið ósanngjarn, einnig vegna þess að óheimilt væri að ákveða meðlag með börnum í formi eingreiðslu skv. ákvæðum bl. nr. 76/2003. Hæstiréttur vitnaði til þess að meðlag skyldi ekki greiða í einu lagi eins og fram kom í frumvarpi til laga nr. 76/2003. Komist var að þeirri niðurstöðu að lögín tækju aðeins til skyldu til mánaðarlegrar fjárgreiðslu einfalds meðlags og banna lögín ekki samninga um greiðsla viðbótarmeðlags sé greitt með eingreiðslu. Var því litið svo á að ekki bæri að ógilda samninginn og var því K sýknuð af kröfum M.

10.4 Ákvörðun um meðlagsgreiðslur

Ákveða skal *meðlagsgreiðslur* með hverju barni þegar skilnaður foreldra á sér stað eða sambúðarslit foreldra barns, eins á við um ákvörðun forsjá barns eða lögheimili þess, sbr. 54. gr. bl. Ákvæðið á að tryggja rétt barnsins til framfærsluskyldu foreldris gagnvart því.⁹³ Aðilar geta náð samkomulagi fyrir dómi án þess að dómur falli í máli þeirra um meðlagsgreiðslur. Undirrita þeir þá svokallaða dómsátt sem hefur sömu réttaráhrif og þeir meðlagssamningar sem sýslumaður staðfestir.⁹⁴

Samningur sem gerður er um meðlag þarf, líkt og samningur um forsjá og umgengni, að vera samþykktur af sýslumanni. Samningur um meðlag með barni er aðeins gildur þegar sýslumaður hefur staðfest hann eða þegar gerð er sátt fyrir dómi um meðlagið, sbr. 1. mgr. 55. gr. bl. Meðlagsmál geta líkt og önnur mál komið til kasta dómara í einhverjum tilvikum. Í þeim tilfellum þegar samkomulag næst fyrir dómi um meðlagsgreiðslur er besti kosturinn að leysa málið með dómsátt þar sem meðlagssamningur er gerður og hefur þannig sömu réttaráhrif og þeir samningar sem gerðir eru um meðlag og staðfestir eru af sýslumanni.⁹⁵

⁹³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 225.

⁹⁴ Sýslumenn á Íslandi. (2013). *Meðlag*. Sótt þann 17. mars 2013 af https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/medlag_framlog/

⁹⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 226.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 30. ágúst 2000 í máli nr. 313/2000 var ágreiningur milli foreldra um samkomulag um meðlag sem ekki var lagt inn til staðfestingar sýslumanns.

Hrd. 313/2000 M og K skildu árið 1994 og fór K með forsjá barna þeirra eftir skilnaðinn. Við skilnaðinn úrskurðaði sýslumaður M til að greiða K tvöfalt meðlag með báðum börnum þeirra og var sú ákvörðun staðfest með úrskurði ráðuneytisins. Ári seinna gerðu M og K með sér skriflegt samkomulag um að sonur þeirra myndi flytja til M en K færi samt sem áður áfram með forsjá hans og M greiddi henni áfram einfalt meðlag með báðum börnunum. Samkomulag þeirra var ekki lagt fyrir sýslumann til staðfestingar. Árið 1999 var K gert með úrskurði sýslumanns að greiða einfalt meðlag með syni sínum. Gerði K eftir það beiðni um fjárnám hjá M á grundvelli úrskurði sýslumanns frá árinu 1994 til fullnustu kröfu um meðlag með báðum börnum sínum fyrir árin 1994-1999 að því leyti sem meðlögin höfðu ekki verið greidd. Var talið að um óstaðfest samkomulag foreldra væri að ræða frá árinu 1995 gæti ekki verið gilt sem samningur um meðlag með börnum M og K. Var því svo litið á að samkomulag M og K gæti ekki haft gildi þar sem samningurinn sem gerður var hafi ekki fengið staðfestingu sýslumanns. Þar sem M hafði ekki fengið úrskurði breytt fyrir sýslumanni að því varðar skyldu hans til að greiðslu tvöfalds meðlags með syninum væri krafa K um fjárnám fyrir meðlögunum reist á gildri heimild, staðfest var því fjárnám hjá M.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar má sjá hversu mikilvægt er að fara með breytta samninga til sýslumanns til að fá þá staðfesta þar. Án slíkrar staðfestingar hefur samningur um meðlag ekkert eða takmarkað gildi.

10.5 Greiðsla meðlags

Tryggingastofnun greiðir *meðlag* með barni eftir að foreldri hefur óskað eftir því og þegar meðlagsákvörðun liggur fyrir. Tryggingastofnun ríkisins hefur heimild til að fyrirframgreiða meðlag til foreldris sem óskar eftir meðlagi og er það síðan í höndum Innheimtustofnun sveitarfélaga að innheimta það af meðlagsskylda foreldrinu. Að öðru leiti geta foreldrar farið þá leið að meðlag sé greitt án aðkomu Tryggingastofnunar ríkisins. Þrátt fyrir að lög segi til um að meðlag sé greitt til 18 ára aldurs er heimilt að úrskurða meðlagsskylda foreldrið til að greiða menntunarmeðlag beint til barns í hámark tvö ár til

viðbótar við þessi 18 ár. Barnið fær því greiðslur til sín, en ekki til foreldris sem áður fékk greitt meðlag.⁹⁶

Tryggingastofnun ríkisins er skyldug að greiða til lögheimilisforeldis meðlag og sérstök framlög, ef þau eru til staðar, hvort sem greiðsluskylda byggir á dómi eða dómsátt, úrskurði sýslumanns eða samningi sem foreldrar hafa ákveðið og fengið staðfestan af sýslumanni.⁹⁷

Almenna reglan er sú að ekki er heimild fyrir að semja eða úrskurða um lægri meðlagupphæð en barnalífeyrir nemur, eins og hann er ákveðinn hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. 2. mgr. 55. gr. bl. Gengur sú meðlagsupphæð almennt undir heitinu *einfalt meðlag*.

Í dómi *Héraðsdóms Reykjaness frá 18. júní 2009 í máli nr. E-2488/2007* er greint á um greiðslu meðlags þrátt fyrir jafna umgengni.

Nr. E-2488/2007 K (móðir) og M (faðir) áttu saman 3 börn. Málsatvik er koma fram í stefnu kveða á um að hjónaband K og M hafi verið erfitt. Miklir fjárhagserfiðleikar settu strik í reikninginn. M vann mikið á þeim tíma er A og B fæddust. M vann úti á landi um tíma þar sem fjárhagur leyfði ekki minni vinnu og á þeim tíma var ákveðið að A og B myndu flytja til móður M og komið síðan heim um helgar þar sem talið var að K þjáðist af fæðingarþunglyndi. Við fæðingu C tók M sér fæðingarorlof og lagaðist fjárhagur hjónanna ekki við það og ákvað K að fara á vinnumarkaðinn og móðir M var með börnin á meðan. Í niðurstöðum matsmanna var sagt að M væri búsettur með börnin sjálfur. Eftir skilnaðinn flutti M inn á heimili móður sinnar þar sem börnin voru búin að búa þar um tíma. M var dæmd forsjá A, B, C og var K dæmd til að greiða einfalt meðlag með hverju barni fyrir sig til 18 ára aldurs. A og B fara í umgengni aðra hverja helgi en umgengni C skal þannig háttáð að hann dvelur viku hjá K og viku hjá M.

Samkvæmt niðurstöðum dómsins hér að ofan er merkilegt að sjá hvernig dómari ákveður að umgengni, að hún skuli vera sjö dagar af 14 ásamt greiðslu meðlags, þar sem umgengni við barn C jöfn. Í þessu tilviki hefur algjörlega jöfn búseta engin áhrif á greiðslu meðlagsin þar sem dómari tekur ákvörðun um greiða skuli einfalt meðlag.

⁹⁶ Innheimtustofnun sveitarfélaga. *Meðlagsgreiðendur*. Sótt 23. mars 2021 af <https://www.medlag.is/medlagsgreidendur>

⁹⁷ Sýslumenn á Íslandi. (2013). *Meðlag*.

10.6 Hverjir geta krafist meðlags?

Í 56. gr. bl. er kveðið á um meginreglu þess að sá aðili sem hefur forsjá barns getur komið fram og krafist þess að meðlag sé ákvarðað og innheimt, enda er hann sá aðili sem þarf að standa straum af útgjöldum vegna framfærslu barns. Ákvæðið tekur slíkrar kröfu, hvort sem forsjáin sé aðeins í höndum annars foreldris eða sameiginleg. Í þeim tilfellum þegar barn býr hjá öðrum en forsjáraðila samkvæmt lögum skipan getur sá aðili krafist þess að meðlag sé greitt til sín með sama fyrirvara þ.e. með þeim rökum að hann standi einn straum af framfærslu barnsins.

Hægt er að fara fram á að Tryggingastofnun ríkisins stöðvi meðlagsgreiðslur til forsjármanns í þeim tilfellum þegar sýnt hefur verið fram á að ungmenni hefur flutt að heiman og er ekki lengur á framfærslu forsjáforeldris. Í þeim tilfellum þegar enginn annast framfærslu ungmennis og enginn sem getur þar af leiðandi krafist meðlags, getur ungmenni leitað til félagsmálayfirvalda með beiðni um fjárstuðning til að geta annast framfærslu sína sjálf. Barn getur fengið greiddan lífeyri til 18 ára aldurs ef það missir báða foreldra sína og er lífeyrinn greiddur af Tryggingastofnun ríkisins.⁹⁸

10.7 Aukið meðlag

Þegar talað er um *aukið meðlag* er um að ræða meðlag sem er umfram einfalt meðlag.⁹⁹ Í þeim tilfellum hefur meðlagsgreiðandi fjárhagslegt bolmagn til að greiða hærri upphæð en því sem nemur einföldu meðlagi. Sýslumaður eða dómari getur úrskurðað viðkomandi til að greiða aukið meðlag. Þegar ákvörðun er tekin um aukið meðlag þarf að taka tillit til fjárhagsstöðu beggja foreldra.¹⁰⁰

Í 2. mgr. 57. gr. bl. er fjallað um regluna um að meðlag skuli ákveðið með tilliti af þörfum barns og fjárhagsstöðu og högum beggja foreldra. Að jafnaði er í oftast farið fram á lágmarksmeðlag með hverju barni. Þegar aukins meðlags er krafist þarf ákvörðunin um meðlagsfjárhæð að vera byggð á upplýsingum og gögnum sem aðilar láta útskurðaraðila í té um tiltekin atriði s.s. þarfir barns, fjárhag og félagslega stöðu foreldra og aflahæfi þeirra.¹⁰¹

Eignir og skuldir meðlagsgreiðanda hafa lítil áhrif á ákvörðun meðlagsfjárhæðar en koma þær til álita ef eignir og skuldir fara verulega langt

⁹⁸ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

⁹⁹ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

¹⁰⁰ Sýslumenn á Íslandi. (2013) *Meðlag*.

¹⁰¹ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

umfram það sem venjulegt getur talist í þeim efnum.¹⁰² Þó meðlagsgreiðandi þurfi að framfæra önnur börn en sín eigin og er t.a.m. með stjúp börn á sínu framfæri, hefur það ekki áhrif í málum um meðlag. Þar er yfirleitt innt af hendi sambærilegt meðlag frá því kynforeldri sem er framfærsluskylt eða greiddur er barnalífeyrir með því barni samkvæmt lögum.¹⁰³

Dómsmálaráðuneytið setur fram tilgreindar fjárhæðir sem eru til viðmiðunar og eru þær hafðar til hliðsjónar við ákvarðanir í málum vegna aukins meðlags með því er markmið að tryggja að samræmis og jafnræðis sé gætt í ákvörðunum.¹⁰⁴ Viðmiðunartekjurnar eru fyrirframreiknaðar, og þó þessar viðmiðunartekjur séu til staðar þarf alltaf að skoða hvert tilvik vel fyrir sig með tillit til þarfa barns og fjárhagsstöðu foreldra í huga.

Það er venja í málum sem þessum að aðilar leggja fram staðfest ljósrit af skattframtali síðustu tveggja ára og einnig ljósrit af launaseðlum vegna tekna yfirstandandi árs. Leggja þarf einnig fram sérstaka greinargerð sem greinir frá fjarhag og félagslegri stöðu. Við útreikning tekna aðila eru að jafnaði lagðar til meðaltekjur foreldra tvö til þrjú ár aftur í tímann, er það gert til að jafna út sveiflur sem geta verið til staðar í tekjuöflun milli ára þrátt fyrir að ekki sé um varanlegar breytingar á tekjum að ræða.¹⁰⁵

Hægt er að fara fram á tvöfalt meðlag fyrir dómi ef einhver krafa hefur verið gerð þess efnis. Í dómi *Héraðsdóms Austurlands frá 20. apríl 2011 í máli nr. E-145/2010* var deilt um forsjá barns, umgengni auk meðlags þar sem móðir gerði kröfu um greiðslu tvöfalt meðlags af hendi föður, þar sem greiðsla þess hafi verið til staðar fyrir. Í dómnum var dæmt tvöfalt meðlag þrátt fyrir að umgengnin hafi verið frekar rúm, enda hafði faðirinn ekki sett fram neina kröfu um breytingu á greiðslum á meðlagi.

E-145/2010 Deilt var um forsjá yfir A sem fædd var árið 2008. Aðilar máls höfðu verið í óvígðri sambúð og hafði barnið fæðst á þeim tíma er þau voru í sambúð. Við slit sambúðarinnar ári seinna hafi komið í ljós að ekki hafi skilað sér skráning þeirra í sambúð. Aðilar fengu tíma hjá sýslumanni til að slíta sambúðinni og rætt var um sameiginlega forsjá þar sem aðilar vissu ekki betur á þeim tíma en að þau hefðu farið sameiginlega með forsjá A þar sem þau töldu sig vera skráða í sambúð. Til stóð að K og M að þau myndi semja um sameiginlega forsjá eins og fyrir hefði verið og lögheimili A myndi haldast hjá K. Eftir fundinn hjá sýslumanni greindi K M frá því að ekki væri búið að skrá þau í sambúð þar sem ekki bárust pappírar til að staðfesta að M væri ekki í hjúskap. K hafði því beðið Þjóðskrá að eyðileggja skráningu í sambúð þar

¹⁰² Sýslumenn á Íslandi. (2013). *Meðlag*.

¹⁰³ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 232.

¹⁰⁴ Sýslumenn á Íslandi. (2013). *Meðlag*.

¹⁰⁵ Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 181 – 180. mál.

sem ekki væri lengur grundvöllur fyrir skráningu í sambúð. Að mati M mætti draga hæfni K til forsjár í efa og einnig hefði gengið erfiðlega með umgengni og samskipti þeirra á milli. Niðurstaða Héraðsdóms var sú að K færi með forsjá yfir barni þeirra og væri regluleg helgarumgengni barns við M skyldi vera eins og áður hafði verið ákveðið. Að lokum var M gert að greiða tvöfalt meðlag með A til 18 ára aldurs.

10.8 Sérstök framlög

Í 60. gr. bl. er að finna heimild til að úrskurða þann aðila sem er meðlagsskyldur til að greiða sérstakt framlag vegna sérstakra útgjalda sem ekki eru talin vera hluti af þeim útgjöldum sem meðlagi er ætlað að standa straum af. Eru þessi framlög ekki meðlagsgreiðsla sem eru tilætluð barninu sjálfu, sbr. 2. mgr. 63. gr. bl. Sérstök framlög vegna útgjalda er meðal annars vegna skírnar barns, fermingu þess, gleraugnakaupa, tannréttinga, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Geta þessi tilvik, sem á undan voru nefnd, verið grundvöllur um ákvörðun um sérstakt framlag en einnig má úrskurða vegna annarra sérstakra tilefna. Með öðrum sérstöku tilefnum er átt við tilefni sem eru sérstaks eðlis en ekki almenns, því reglubundnum meðlagsgreiðslum með barni er ætlað að standa straum af almennri framfærslu barnsins. Almenn framfærsla er kostnaður vegna tónlistarnáms, íþróttaiðkunar eða almennra tannviðgerða.

Í 2. mgr. 60. gr. bl. er frestur til að hafa uppi kröfu um úrskurð vegna sérstakra útgjalda, aðeins er hægt að úrskurða um sérstakt framlag ef krafa þess efnis sé uppi höfð við sýslumann innan þriggja mánaða frá því að greiða þurfi fyrir tiltekið útgjald. Með framlag vegna fermingar barns má sérstaklega nefna að bíða megi með að leggja fram kröfu um framlag þar til innan þriggja mánaða frá því að ferming átti sér stað.¹⁰⁶

10.9 Menntunarframlag

Í 62. gr. bl. er heimild til að úrskurða foreldri til að greiða barni sínu sérstakt framlag til menntunar eða starfþjálfunar, samkvæmt kröfu barnsins, eftir að það hefur náð 18 ára aldri og til 20 ára aldurs. Í þessum aðstæðum er að jafnaði gert ráð fyrir að ungmennið setji sjálft fram kröfuna um menntunarframlag. Þegar menntunarframlag er ákveðið samkvæmt 1. mgr. 62. gr. bl. um er

¹⁰⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 237-238.

yfirleitt að ræða að ungmennið búi hjá öðru hvoru foreldri sínu og fer það því fram á menntunarframlag frá því foreldri er það býr ekki hjá. Í þeim tilfellum er ungmenni býr ekki hjá foreldrum sínum getur það farið fram og krafist framlags af hendi beggja foreldra sinna. Í úrlausnum í málum er varða 62. gr. bl. ræðst úrlausnin í slíku máli af fjárhagslegri og félagslegri stöðu foreldra eins og endranær. Ávallt er litið til þarfa ungmennisins og greiðslugetu foreldris, þá er litið til tekna og annarra framfærsluskyldna sem kunna að hvíla á foreldri. Er það í höndum Tryggingastofnunar ríkisins að greiða menntunarframlag í þeim tilfellum er foreldri hefur ekki bolmagn til að standa straum af menntunarframlaginu. Menntunarframlagið miðast við einfalt meðlag en hægt er að úrskurða um bæði lægri eða hærri fjárhæð.¹⁰⁷

¹⁰⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 240.

11 Fjárstuðningur vegna framfærslu barna

Eins og fram hefur komið fyrir í ritgerðinni, er í höndum foreldra að framfæra barns sitt og er framfærsluskylda á ábyrgð beggja foreldra, burtséð frá hvert fyrirkomulag forsjár og umgengni er. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um að sérhvert barn hefur rétt til á að njóta félagslegrar aðstoðar, þar er einnig verið að tala um almannatryggingar. Börn eru háð því að vera framfærð af foreldrum eða forsjáraðilum og þegar þeir aðilar geta ekki staðið undir framfærslu barnsins af einhverjum ástæðum, er það í höndum ríkisins að tryggja að barnið njóti fjárhagslegs stuðnings með greiðslum til forsjármanns barns eða barnsins sjálfs. Á Íslandi er gott velferðarkerfi sem styður við að hægt sé að veita foreldrum eða forsjármönnum barna góðan stuðning við framfærslu barna sinna og er því nauðsynlegt að líta yfir þau helstu bótaúrræði sem kerfið býður uppá.

11.1 Barnabætur

Fyrstu barnabæturnar sem eru í líkingu við nútímabarnabætur komust á árið 1891 þegar franskt fyrirtæki tók upp á því að greiða viðbótarlaun til þeirra starfsmanna sem voru giftir og með börn á sínu framfæri. Í upphafi 20. aldar hófst víða fjárstuðningur frá ríkinu til barnafjölskyldna og kynntu þá margar vestrænar þjóðir ýmsar greiðslur til almennings. Greiðslur þessar miðuðust oft að sérstökum aðstæðum foreldra, þá sérstaklega mæðrum. Altækur stuðningur í garð barnafjölskyldna, sem var í því formi sem barnabætur eru í dag, hófst víðast hvar í heiminum á 5. og 6. áratug síðustu aldar. Þegar talað er um altækan stuðning, er átt við bætur sem flestallir foreldrar áttu rétt á en ekki aðeins afmarkaðir hópar. Barnabætur voru almennt kynntar síðar til sögunnar en aðrir þættir almannatrygginga.¹⁰⁸

Bætur vegna framfærslu barna hér á landi voru teknar upp með almannatryggingalögum. Þessar bætur voru nefndar fjölskyldubætur sem síðar var breytt í barnabætur. Fyrstu um sinn voru bæturnar aðeins greiddar til þeirra fjölskyldna sem höfðu fjögur eða fleiri börn á sínu framfæri, var það gert í sparnaðarskyni en árið 1960 var farið að greiða bæturnar með öllum börnum. Fyrst um sinn fengu einstæðir foreldrar ekki greiddar bætur, en frá árinu 1962

¹⁰⁸ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi. Fjárstuðningur vegna framfærslu barna árið 2010. Greining og samanburður við önnur lönd, ásamt útfærslu á nýju kerfi barnatrygginga*. Reykjavík 2011, bls. 5.

hafa bætur verið greiddar til allra foreldra, hvort sem um ræðir einstæðra foreldra eða hjón.¹⁰⁹

Nú á tímum eiga þeir rétt til barnabóta sem hér á landi bera ótakmarkaða skattskyldu og hafa í lok tekjuárs á sínu framfæri barn sem er yngra en 18 ára. Þeir sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eru þeir sem eru heimilisfastir eða búsettir hér á landi. Barnabætur eru reiknaðar fyrst við álagningu árið eftir að barn fæðist og í síðasta skipti í álagningu á því ári sem það nær 18 ára aldri. Barnabætur eru tekjutengdar og eru ákvarðaðar samkvæmt skattframtali.¹¹⁰

Þegar foreldrar eru í hjónabandi eða í skráðri sambúð er barnabótum með barni skipt á milli þeirra. En í þeim tilfellum þegar foreldrar eru ekki í sambúð fær lögheimilisforeldrið greiddar barnabæturnar, en ekki það foreldri sem aðeins sinnir umgengni við barnið óháð því hvort barnið hafi skipta búsetu eða búi jafnt hjá því og lögheimilisforeldri.¹¹¹

Þegar litið er til 1. mgr. 68. gr. a. laga nr. 90/2003 lög um tekjuskatt (hér eftir tsl.) er tekið fram ríkissjóður greiði barnabætur til framfæranda barns sem er skattskyldur hér á landi, framfærandi er lögheimilisforeldi og annast því framfærslu þess í lok hvers tekjuárs og telst sá sem greiðir meðlag með barni ekki vera framfærandi barnsins þegar litið er til þessa sambands.

Barnabætur skiptast í tvennt, í fyrsta lagi eru það tekjutengdar bætur og í öðru lagi eru það ótekjutengd viðbót vegna barna sem eru yngri en sjö ára. Upphæðir tekjutengdra barnabóta miðast við fjölda barna, tekjur foreldra og einnig hjúskaparstöðu foreldra. Upphæðir barnabóta einstæðra foreldra eru umtalsvert hærri en barnabætur sem hjón eða sambúðarfólk fá.¹¹²

Í norskum rétti hafa foreldrar þann möguleika að þegar samið hefur verið um skipta búsetu skiptast barnabætur á milli þeirra til helminga. Einungis þeir foreldrar sem samið hafa um skipta búsetu geta skipt sín á milli þeim barnabótum sem til staðar eru og hefur ákvörðun um umgengni foreldra við barn engin áhrif á greiðslu þeirra.¹¹³

¹⁰⁹ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 14.

¹¹⁰ Skatturinn. *Barnabætur*. Sótt þann 2. apríl. 2021 af <https://www.rsk.is/einstaklingar/vaxtabaetur-og-barnabaetur/barnabaetur/>

¹¹¹ Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson. *Fjölskyldur og framfærsla barna – Þegar foreldrar búa ekki saman*. Reykjavík 2012.

¹¹² Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 15.

¹¹³ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

11.2 Barnalífeyrir

Barnalífeyri var komið á árið 1946 þegar sett var á almannatryggingalöggjöf. Barnalífeyririnn var þá greiddur til ógiftra eða fráskilinna kvenna með börn undir 16 ára aldri á sínu framfæri og síðan einnig til karla frá árinu 1971. Tryggingastofnum ríkisins sá um að innheimta peninginn frá föður sem var þá hið venjulega meðlag. Markmið barnalífeyris var sá að öll börn sem ekki nutu innkomu frá föður skyldu fá bætur sem samsvöruðu lífeyrinum. Í dag er barnalífeyrir greiddur með öllum börnum yngri en 18 ára sé annað foreldrið látið eða örorkulífeyrisþegi. Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri einnig til þeirra barna sem eru ófeðruð.¹¹⁴

Tryggingastofnun ríkisins greiðir lögheimilisforeldri barns barnalífeyri. Þegar aðstæður eru á þann veg að báðir foreldrar eru látnir eða eru á einhverskonar öðrum bótum greiðir Tryggingastofnun ríkisins tvöfaldan barnalífeyri með þeim. Tryggingastofnun getur einnig greitt barnalífeyri til barns ef foreldri eða foreldrar eru í gæsluvist eða afplána fangelsi í meira en þrjá mánuði í einu.¹¹⁵ Barnalífeyrir er ekki tekjutengdur og er einnig skattfrjáls.¹¹⁶

11.3 Mæðra- og feðralaun

Mæðra- og feðralaun eru greiðslur sem einstæðir foreldrar geta sótt um, eigi þeir fleiri börn en tvö. Greiðslurnar eru greiddar af Tryggingastofnun ríkisins og eru þær fastar upphæðir sem er misjöfn eftir hversu mörg börn eru á framfæri hvers og eins. Greiða þarf af mæðra- og feðralaunum tekjuskatt.¹¹⁷ Heimild er til staðar um að leyfilegt sé að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri og er skilyrði að þau séu búsett hér á landi sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/2007 laga um félagslega aðstoð.

¹¹⁴ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 21.

¹¹⁵ Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson: *Fjölskyldur og framfærsla barna – Þegar foreldrar búa ekki saman*, bls. 2.

¹¹⁶ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 21.

¹¹⁷ Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson: *Fjölskyldur og framfærsla barna – Þegar foreldrar búa ekki saman*, bls. 2.

11.4 Lög um félagslega aðstoð

Í lögum nr. 99/2007 lög um félagslega aðstoð (hér eftir lfa.) er kveðið á um að félagsleg aðstoð sé mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18-20 ára, umönnunarbætur og svo framvegis. Samkvæmt 2. gr. lfa. er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Tryggingastofnun ríkisins hefur heimild til að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18-20 ára þegar annað foreldri þess eða báðir eru látnir, einnig ef foreldrar þiggja ellilífeyri eða örorkubætur, sbr. 3. gr. lfa.

Heimild er til staðar um að greiða framfærendum fatlaðra eða veikra barna sem búa heima styrk eða umönnunarbætur á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu, sbr. 4. gr. lfa.¹¹⁸

11.5 Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga

Markmið félagsþjónustu sem eru á vegum sveitarfélaga er ætlað að tryggja skuli fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að ávallt að velferð íbúa sveitarfélagsins. Það er gert á þann veg að reyna að bæta lífskjör þeirra sem standa að jafnaði höllum fæti og að tryggja skal eins og kostur er þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig skal veita aðilum aðstoð til þess að þeir geti búið sem lengst í heimahúsum sínum, stundað atvinnu og lifað sem eðlislegustu lífi og skal að lokum grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1991 lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lög þessi tóku við af framfærslulögum nr. 80/1947 þar sem þau lög voru orðin úrelt og aðstæður í þjóðfélaginu breyttar, þar á meðal efling almannatrygginga og lífeyrisjóða ásamt bættum efnahag almennings.¹¹⁹

11.6 Atvinnuleysistryggingar

Lög nr. 54/2006 lög um atvinnuleysistryggingar (hér eftir atvl.) hafa það markmið að tryggja launafólki tímabundna fjárhagsaðstoð til að brúa bilið á meðan þeir leita að nýju starfi. Samkvæmt 34. gr. atvl. hefur einstaklingur með

¹¹⁸ Alþt. 1993, A-deild, þskj. 117 – 84. mál.

¹¹⁹ Alþt. 1990-1991, A-deild, þskj. 113 – 326. mál.

börn sem eru yngri en 18 ára á sínu framfæri rétt til viðbótargreiðslu fyrir hvert barn. Greiðslur sem þessar greiðast óháðar því hvort um sé að ræða einstætt foreldri, hjón eða sambúðarfólk. Hver og einn einstaklingur hefur því fullan rétt til að fá 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni sem það hefur á framfæri frá upphafi tímabilsins sem greiddar eru sem atvinnuleysisbætur fyrir.

Í framangreindri heimild er átt við börn sem hlutaðeigandi hefur framfærsluskyldu gagnvart á grundvelli bl., þá án tillits til þess hvort einstaklingur fer með forsjá yfir þeim. Oft á tíðum skulda umsækjendur meðlag samkvæmt kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og þá er heimild til staðar að skuldajafna kröfur um meðlag hins tryggða sem stofnunin hefur verið falið að innheimta á móti atvinnuleysisbótum, sbr. 2. mgr. 34. gr. atvl.¹²⁰

11.7 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Þeir einstaklingar sem stunda háskólanám eða annað sérnám geta sótt um að fá lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) sem í dag heitir Menntasjóður námsmanna, fyrir upphaldi og skólagjöldum á hagstæðari kjörum en býðst á hinum almenna markaði. Hægt er að segja að meginhlutverk sjóðsins sé að tryggja að hver og einn einstaklingur fái tækifæri til náms án þess að efnahagur hans skipti máli hverju sinni, hvort hann sé góður eður ei. Greiðsla námslána eiga að vera á þann veg að námsmenn geti staðið straum af náms- og framfærslukostnaði sínum á þeim tíma sem þeir stunda nám, að teknu tilliti til fjölskylduaðstæðna hvers og eins. Þegar námsmaður hefur barn á framfæri hækka námslánin og eru því hærri en hjá einstaklingum sem eru ekki með barn á framfæri.¹²¹

Í 15. gr. laga nr. 60/2020 lög um Menntasjóð námsmanna er kveðið um styrk vegna framfærslu barna. Markmið þessa styrks er lánþegi sé ekki skuldsettar en aðrir barnlausir einstaklingar þegar hann lýkur námi. Fjárhæð styrksins er sú sama og einfaldur barnalífeyrir á mánuði. Til að lánþegi hafi rétt á slíkum styrki þarf hann að uppfylla fyrirframákveðin skilyrði. Hann þarf að ná lánmarks námsframvindukröfu og einnig er gerð sú krafa um að barn hafi lögheimili hjá lánþega eða lánþegi þarf að vera meðlagsskyldur. Lánþegi sem barn er búsett hjá skal sýna fram á að lögheimili barns sé hjá honum. Lánþegi sem greiða þarf meðlag fær styrk til framfærslu barnsins en gerð er sú krafa til hans að hann geti sýnt fram á staðfestingu frá sýslumanni um að til sé gildur samningur um greiðslu meðlags.¹²²

¹²⁰ Alþt. 2005-2006, A-deild, þskj. 1078 – 742. mál.

¹²¹ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 24.

¹²² Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 373 – 329. mál.

Í eldri lögum nr. 21/1992 lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna var í 12. gr. þeirra laga heimilt að veita námsmanni vegna örorku, framfærslu barna sinna eða maka eða af einhverjum öðrum ástæðum aukalán til að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Var þetta heimilt með samþykki stjórnar sjóðsins. Þau aukalán er veitt hafa verið voru ávallt með sömu kjörum og almenn námslán eru.¹²³

Gerðar hafa verið gríðarlegar breytingar á útfærslu greiðslu lána eða styrkja til fólks sem hefur barn á sínu framfæri. Með þessu er hægt að segja að aðilar sem deila framfærslu barns séu að jafnaði samstíga þarna, þar sem gildur samningur er til staðar um meðlagsgreiðslur.

11.8 Húsaleigubætur

Með setningu laga nr. 138/1997 lög um húsaleigubætur var markmið þeirra að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Húsaleigubætur eru ætlaðar þeim einstaklingum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu. Þegar ákvarða á upphæð húsaleigubóta er tekið mið af fjölda barna, tekjum foreldra, leigufjárhæð og eignastöðu aðila. Tekjur og fjöldi barna á heimili vega mest við ákvörðun húsaleigubóta.¹²⁴ Samkvæmt 5. gr. laga um húsaleigubætur eru húsaleigubæturnar reiknaðar út skv. fyrirframákveðnum grunni sem þá miðast að jafnaði við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð fyrir sig og hvert barn sem er á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Við skoðun á rétti aðila til húsaleigubóta þegar aðili hefur barn til framfærslu eru aðeins litið til hækkunar á húsaleigubótum ef barn hefur lögheimili hjá viðkomandi. Hægt er að segja að litið sé svo á að umgengnisforeldrar séu barnlausir einstaklingar þegar litið er til húsaleigubótaganna. Í nútímaþjóðfélagi er kostnaður umgengnisforeldris að greiða af og reka leiguhúsnæði í raun sá sami og hjá lögheimilisforeldri. Einstaklingar sem deila ekki lögheimili með barni sínu fá lægri viðmið heldur en ef þeir væru með skráð lögheimili barns hjá sér. Þannig að segja má að sjónarmið gagnvart umgengnisforeldri og lögheimilisforeldri sé ekki litið sömu augum þegar kemur að greiðslu húsaleigubóta.¹²⁵

¹²³ Alþt. 1991-1992, A-deild, þskj. 115 – 214. mál.

¹²⁴ Arnaldur Sölvi Kristjánsson: *Fjölskyldubætur á Íslandi*, bls. 30.

¹²⁵ Alþt. 1997-1998, A-deild, þskj. 362 – 290. mál.

11.9 Lög um tekjuskatt

Í nágildandi 68. gr. A-lið er kveðið á um að ríkissjóður greiði barnabætur til framfæranda barns. Í lögum þessum telst sá vera framfærandi barns sem hefur barnið hjá sér að staðaldri, þá lögheimilisforeldi, og stendur það því straum af framfærslu barnsins í lok tekjuárs. Sá sem greiðir meðlag, umgengnisforeldrið, er ekki talið framfærandi barns í þessu tilviki og fær því ekki greiddar barnabætur með barni er það framfærir. Hægt er að segja að hér sé hrein og bein mismunum í gangi þegar litið er til þess hver telst vera framfærandi barns.

Þar sem samþykkt hafa verið ný ákvæði í barnalögin um skipta búsetu barns verður gerð breyting á þessu ákvæði sem gerir það að verkum að þegar foreldrar hafa ákveðið að semja um skipta búsetu og barn því skráð með lögheimili hjá öðru og búsetuheimili hjá hinu, verða foreldrar báðir taldir framfærendur barnsins.¹²⁶

¹²⁶ Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 11 – 11. mál.

12 Frumvarp um skipta búsetu barns

Breytingar hafa orðið á viðhorfum þegar við kemur umönnun og uppeldi barna á undanföllum áratugum. Oft á tíðum hefur því verið haldið fram að þó nokkur aðstöðumunur sé á milli foreldra sem ekki búa saman en kjósa samt sem áður að ala börn sín upp saman. Lögheimilisforeldri hefur oft á tíðum meira vægi til að segja til um daglegt líf barnsins heldur en kannski umgengnisforeldrið, þ.e. í þeim tilfellum er ekki næst samkomulag milli foreldra í þeim efnum. Lögheimilisforeldri getur átt rétt á margvíslegum fjárstuðningi frá hinu opinbera á meðan umgengnisforeldrið nýtur ekki samskonar réttar né á möguleika á félagslegri aðstoð.¹²⁷ Lögheimilisforeldri hefur réttarstöðu einstæðs foreldris og getur því tekið við meðlagsgreiðslum frá hinu foreldrinu. Aftur á móti, þegar litið er til umgengisforeldris, er það í raun skráð eins og það eigi ekki barn, það sé barnlaust, og kemur það m.a. þannig fram í skattframtali. Einnig getur lögheimilisforeldri fengið mæðra- og feðralaun, barnabætur og aðrar greiðslur frá hinu opinbera ef foreldri ákveður að fara þá leið.¹²⁸

Árið 2014 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem ákveðið var að skipa hóp til að skoða leiðir til að hægt sé að jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Markmiðið var að koma í veg fyrir þann mikla aðstöðumun á heimilum þegar foreldrar eru ekki í sambúð en ákveða að ala börn sín upp í sameiningu á tveimur heimilum. Starfshópurinn átti að kanna hvort einhver grundvöllur væri fyrir því að heimila ætti börnum að hafa tvöfalt lögheimili eða hvort fyrirkomulag jafnrar búsetu hentaði betur.¹²⁹

Í köflunum hér á eftir verður farið yfir það helsta sem fram kom í frumvarpi til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns) sem var lagt fram á 150. löggjafarþingi (707. mál) og varð að lögum sem samþykkt voru 15. apríl 2021.¹³⁰

12.1 Hugmyndin að tvöföldu lögheimili

Hugmyndir hafa verið upp um hvort lausnin á öllum ágreiningsmálum sé ef barn sem er í jafnri umgengni geti átt tvö lögheimili, en skiptar skoðanir eru á því. Breyting þess efnis að börn eigi tvö lögheimili getur haft í för með sér afleiðingar, aðrar en að jafna stöðu foreldra sem ala börnin sín upp á tveimur

¹²⁷ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹²⁸ Velferðarráðuneytið. *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*, bls. 29.

¹²⁹ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹³⁰ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

heimilum. Það er til dæmis að lögheimili ræður því hvar barn er í skóla, ef um tvö lögheimili væri að ræða gæti það valdið vandkvæðum hjá sveitafélögum við framkvæmd skólahalds.¹³¹

Talið var, til að byrja með, að ef möguleikinn væri fyrir hendi að barn gæti átt tvö lögheimili myndi það jafna stöðu barnsins til beggja foreldra og jafna stöðu foreldrana og/eða rétt þeirra til opinberrar aðstoðar.¹³²

Hugmyndin um tvöfalt lögheimili er í raun ágæt út frá sjónarhorni foreldra barna sem ekki deila saman lögheimili. En þegar litið er til annarra hugmynda og úrræða til að bæta stöðu beggja foreldra myndi heimildin til að ákveða skipta búsetu barna henta betur. Ekkert af Norðurlöndunum hefur tekið það upp að barn skuli eiga tvö lögheimili því talið er að barn skuli aðeins eiga eitt lögheimili. Af því gefnu var ekki fallist á að rétt væri að hverfa frá þeirri reglu að barn skuli eiga eitt lögheimili þar sem til væru betri leiðir til að ná fram markmiðinu að jafna stöðu foreldra sem ákveðið hafa að ala börn sín upp saman á tveim heimilum.¹³³

12.2 Skipt búseta barns

Með tillögu setningu nýrra ákvæða í bl. sem heimila skipta búsetu barna væri að öllum líkindum það heppilegasta til að stuðla að jafnari stöðu foreldra. Meginskilyrði skiptrar búsetu gerir ráð fyrir að foreldrar vinni saman að öllum málum er varðar barnið. Krafa sem gerð er til foreldra til að hægt sé að semja um skipta búsetu er sú að samstarf þeirra verði að vera gott, virðing sé til staðar á milli foreldra, tillitssemi og sveigjanleika þeirra á milli og jafnframt er gerð sú krafa að heimili séu nálægt hvort öðru til að tryggð sé samfella sé í daglegu lífi barns.

Gert er ráð fyrir með skipta búsetu barns að gerður sé samningur sem foreldrar skulu gera sín á milli sem háður er því að sýslumaður staðfesti hann líkt og farið er fram á í barnalöggjöfinni í dag, varðandi ákvörðun um meðlag. Til að sýslumaður hafi heimild til að staðfesta samning um skipta búsetu barns þurfa foreldrar að uppfylla eftirfarandi forsendur: Í fyrsta lagi þarf að vera sameiginleg forsjá barns fyrir hendi, í öðru lagi þarf virkt samstarf foreldra að vera til staðar og farsæl samskipti þeirra á milli. Í þriðja lagi þarf sameiginleg ákvörðunartaka að vera til staðar þar sem foreldrar þurfa að vera færir um að taka í sameiningu ákvarðanir er varða barn, hvort sem um er að ræða litlar eða meiriháttar ákvarðanir um daglegt líf barns. Í fjórða lagi er það nálægð heimila,

¹³¹ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹³² Velferðarráðuneytið. *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismundi fjölskyldugerðum*, bls. 29-30.

¹³³ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

þar sem búsetu foreldra er háttað á þann veg að barnið þurfi aðeins að sækja einn skóla eða leikskóla og barnið geti stundað samfellt tólmundastarf og frístundir frá báðum heimilum. Í fimmta lagi er það samkomulag um lögheimili barns og búsetuheimili þess.

Með heimild foreldra um að semja sín á milli um skipta búsetu er markmiðið að bæta innbyrðis réttarstöðu foreldra á sviði bl., en sá möguleiki hefur ekki verið fyrir hendi fram til þessa. Út frá þessu er hægt að gera ráð fyrir að staða lögheimilisforeldris og búsetuforeldris á grundvelli bl. gæti að mestu leyti verið sú sama á meðan samningur um skipta búsetu eru í gildi.¹³⁴

Mikilvægt er að greina frá þegar samið er um skipta búsetu barns að áhrif skiptrar búsetu felast fyrst og fremst í því að öll ákvarðanatataka foreldra tengd barni þeirra skal vera sameiginleg. Þegar ákveðið hefur verið að um skipta búsetu verður ekki hægt að óska eftir staðfestingu samnings eða úrskuði sýslumanns um meðlag.¹³⁵

12.3 Aukið samningsfrelsi foreldra

Meginefni frumvarpsins um skipta búsetu barns er að lagðar voru til breytingar á bl. sem snúa að því að lögfesta ákvæði um heimild foreldra til að semja um skipta búsetu barns og réttaráhrif þess og hugmynd um að rýmka ákvæði laganna um framfærslu barns og meðlag sem gerir það að verkum að samningafrelsi foreldra er aukið.

Eins og fram kemur í kafla 11.2 er það skýrt tekið fram að ef samið er um skipta búsetu skal það fyrst og fremst felast í að öll ákvarðanatataka foreldra tengd barni þeirra skuli vera sameiginleg. Þegar ákveðið hefur verið að semja um skipta búsetu geta foreldrar ekki óskað eftir staðfestingu samnings frá sýslumanni um meðlagsgreiðslur. Ekki verður hægt að óska eftir staðfestingu samnings um umgengni eða sérstök útgjöld eða úrskurð um utanlandsferðir. Barn skal því vera skráð í Þjóðskrá með búsetu hjá báðum foreldrum, lögheimili þess skal vera á einum stað og búsetuheimili á öðrum stað. Samfara þessum breytingum verða lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt sem fela í sér að báðir foreldrar munu geta átt rétt á barnabótum og vaxtabótum.¹³⁶

Eins og fram hefur komið eru helstu einkenni framfærslukerfisins þau að foreldrum er skylt að framfæra barn sitt og er foreldrum skylt að ákveða meðlag með barni þegar foreldrar búa ekki saman. Lögheimilisforeldri hefur rétt á að innheimta meðlag sem er aldrei lægra en einfalt meðlag, óháð því hvort umgengni sé til staðar eða hvernig henni sé háttað. Með nýju ákvæðunum

¹³⁴ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹³⁵ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹³⁶ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

er að jafnaði lagt til að auka samningsfrelsi foreldra til að semja um skiptingu framfærslukostnaðar eða greiðslu meðlags með því að afnumið verður ákvæðið um staðfestingu sýslumanns á samningi milli foreldra um meðlag. Þrátt fyrir þann möguleika munu foreldrar endranær bera meginábyrgð á framfærslu barns. Er það í höndum forelda að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig þeir vilji háttu framfærslunni þar sem að gengið yrði út frá því að þegar um ræðir skipta búsetu barns séu foreldrar sammála um hver greiðir einstaka kostnaðarliði í framfærslunni.

Af þessu leiðir að ef foreldrar ákveða að semja um skipta búsetu er ekki hægt að óska eftir staðfestingu á samningi um meðlag eða njóta milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu meðlags, en ef ákvæðið er að barn búi aðeins hjá öðru foreldrinu er hægt að kalla eftir meðlagi.¹³⁷

Í 20. gr. frumvarps um skipta búsetu barns er tekið fram að þau framfærsluframlög sem foreldrar hafa samið um við ákvörðun á skiptri búsetu er ekki hægt að kalla meðlag, óháð því hvernig foreldrar ákveða að haga skuli framfærslu barnsins. Munu þá samningar sem foreldrar hafa gert um meðlag falla sjálfkrafa úr gildi þegar sýslumaður hefur staðfelst samning um skipta búsetu barns, samkvæmt er því ekki hægt að fara fram á meðlag.

Lagðar eru til breytingar á 55. gr. bl. um samninga um framfærslu og meðlag og með því er verið að gefa foreldum frjálssari hendur um fyrirkomulag framfærslunnar. Þrátt fyrir að heimilt verði fyrir foreldra að semja er ekki hægt að semja á þá vegu að aðeins annað foreldrið taki alfarið á sig alla framfærslu barnsins. Foreldrar ættu að geta sammælt um tiltekna fjárhæð sem annað foreldri greiði hinu vegna framfærslu barnsins en taka þarf af því öll tvímæli að aðeins sé hægt að semja um greiðslu meðlags ef barn á fasta búsetu hjá öðru foreldrinu, eins tekið hefur verið fram, að ekki er hægt að fá staðfestingu sýslumanns á þeirri greiðslu.¹³⁸

12.4 Athugasemdir vegna frumvarps

Við meðferð Alþingis á frumvarpi til skiptrar búsetu barna koma fram ýmsar athugasemdir við ákvæði þess og eru þær á þá leið að ekki er verið að koma á algjöru jafnrétti milli beggja foreldra þegar litið er til réttar lögheimilisforeldris og umgengnisforeldris. Félag um foreldrajafnrétti sendi frá sér umsögn um frumvarpið sem rétt þykir að skoða í tengslum við þetta efni. Benti það glögglega á að frumvarpið sé litað af tortryggni í garð samvinnu milli foreldra sem búa ekki saman, bent er einnig á að foreldrum sé treyst fyrir að annast umönnun og uppeldi barna sinna og þeir geta flutt landshorna á milli án þess

¹³⁷ Alpt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹³⁸ Alpt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

að staðfestingar stjórnvalda sé krafist, svo lengi sem það gangi ekki gegn hagsmunum barns.

Er þá hægt að segja að það sé alfarið undir lögheimilisforeldri komið hvort umgengnisforeldri fái notið opinbers stuðnings sem foreldri barns. Talið er að sama ætti að gilda um skipta búsetu eins og forsjá og lögheimili að komi foreldrar sér ekki saman um þessi atriði verður ekki úr því skorið nema með úrskurði frá dómara. Ætti því ekki að vera hægt að rifta samningi um skipta búsetu á sama hátt og þegar ákvörðun er tekin, nema með dómi eða samþykki beggja foreldra.¹³⁹

Deila má um hvort athugasemdir Félags um foreldrajafnrétti séu sanngjarnar þar sem tekið er fram í frumvarpi um skipta búsetu barns að ef upp kemur ágreiningur, átök eða ósætti milli foreldra barns sem samið hafa um skipta búsetu, má líta svo á að forsendur samnings um skipta búsetu séu brostnar og kemur þá ekki annað til álita en samningurinn falli úr gildi.¹⁴⁰

12.5 Frumvarp verður að lögum

Það er löngu orðið tímabært í íslensku þjóðfélagi að foreldrar barna geti samið um framfærslu barna sinna, gert samning sín á milli og séu ekki bundnir við að þurfa að semja um greiðslu meðlags. Frumvarp til breytinga á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns) var samþykkt á Alþingi þann 15. apríl 2021 á meðan á skrifum þessarar ritgerðar stóð. Með því hefur verið samþykkt að foreldrar geti samið um skipta búsetu barns þegar það á við. Mikilvægt var að frumvarp um skipta búsetu barns hafi komist í gegn til að hægt sé stuðla að sátt og að jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveðið hafa að ala barn sitt upp saman á tveimur heimilum. Nauðsynlegt er að allt þetta þjóni hagsmunum barnsins, taki tillit þarf til barna þegar ákvörðun um skipta búsetu á sér stað, þar sem þyngra vegur að hugað sé að hagsmunum barnsins en sjónarmiðum um jafnrétti foreldra.

Þau nýmæli sem komu inn í bl. með setningu þessara nýju laga annað en heimildin til að semja um skipta búsetu, er ákvæði um samtal að frumkvæði barns, skerpt var á ákvæði um rétt barns til að tjá sig og breytingin á ákvæðum um framfærslu og meðlag þar sem lögð er megináhersla á aukið samningafrelsi foreldra. Með setningu þessara nýju laga hefur tekist að tryggja þann möguleika barns að hafa skráð heimili hjá báðum foreldrum og foreldrar hafi rýmri rétt til að semja um framfærslu barna sinna.

¹³⁹ Umsögn foreldrajafnréttis. *Um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta).*

¹⁴⁰ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

Hvað varðar nýmæli um framfærsluskyldu barns, er foreldrum sem búa ekki saman gefnar frjálssari hendur þegar þau eiga að fara að semja um framfærslu barnsins. Þá sérstaklega hvernig skipting tilgreindra kostnaðarliða eða útgjalda er snúa að barninu. Samningur sem gerður verður um skiptingu framfærslukostnaðar þarf ávallt að taka mið af því sem hentar þörfum hvers barns fyrir sig og skyldu foreldris til að framfæra barn sitt. Eins og þegar hefur komið fram, verður aðeins hægt að semja um greiðslur meðlags þegar barn á fasta búsetu hjá öðru foreldrinu og þeir foreldrar sem samið hafa um skipta búsetu geta ekki samið um greiðslur meðlags, eins og það hugtak hefur verið afmarkað í lögnum.

Öðlast lög þessi gildi 1. janúar 2022, ástæða þess að ekki sé það gert fyrir er að svigrúm þarf að vera til staðar eftir að frumvarpið var samþykkt til að framkvæma þær nauðsynlegu kerfisbreytingar sem gera þarf og tryggja þarf einnig að aukið fjármagn sé til staðar vegna þeirra breytinga er ný lög hafa í för með sér.¹⁴¹

Má því segja að þegar nýju lögini taka gildi verður veigamikil breyting á hinum ýmsu lögum er snúa þá sérstaklega að fjárstuðningi til foreldra frá hinu opinbera. Til að mynda verða gerðar breytingar á 1. mgr. 44. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, 3. mgr. 10. gr. laga nr. 75/2016 lög um húsnæðisbætur og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 99/2007 lög um félagslega aðstoð. Stærri breytingar verða gerðar á lul. þar sem breyting á síðari málslið 2. mgr. 5. gr. lul. sem verða á þann veg að hafi hjón slitnið samvistum og liggur fyrir staðfestur samningur, dómur eða dómsátt um hjá hvoru foreldri það skuli eiga lögheimili og hvoru þeirra barnið verður skráð með búsetuheimili ef um skipta búsetu er að ræða. Breyting verður einnig gerð á lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019. Þar bætist inn nýr töluliður í 1. mgr. 6. gr. og mun það vera búsetuheimili. Þá breytast jafnframt ákvæði í tsl. í samræmi við nýsamþykkt lög og breytast þar ákvæði töluvert. 1. mgr. A-liðar 68. gr. Bætast við nýir málsliðir, sá fyrri kveður á um þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns í takt við ákvæði barnalaga teljast báðir foreldrar framfærendur barnsins í skilningi ákvæðisins, samkvæmt því ákvarðast barnabætur vegna barns til beggja foreldra.¹⁴²

¹⁴¹ Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 11 – 11. mál.

¹⁴² Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 11 – 11. mál.

13 Framfærsluskylda annarra Norðurlanda

Íslensk lög hafa í gegnum tíðina í flestum tilfellum mótast af löggjöf nágrannalanda okkar og þróun hennar og það er engin undantekning hvað varðar löggjöf um framfærslu barns og meðlags. Þegar lítið er til Norðurlandanna um framfærslu barns og meðlags byggja lögin á svipuðum reglum. Óháð því er samt sem áður margar mikilvægar reglur útfærðar á ólíka vegu. Hér að neðan verður farið yfir helstu reglur Norðurlandanna í þessum efnum.¹⁴³

13.1 Danmörk

Í Danmörku gilda lög um framfærsluskyldu foreldra, meðlagssamninga og ákvörðun meðlags og er fjallað um það í 2. kafla laga um framfærsluskyldu barna,¹⁴⁴ leiðbeiningum um meðlagssamninga,¹⁴⁵ leiðbeiningum um meðlag og framfærslueyri maka¹⁴⁶ og ásamt leiðbeiningum um viðmiðunarfjárhæðir við ákvörðun meðlags.¹⁴⁷

Foreldrum ber hvoru um sig skylda til að framfæra börnum sínum skv. 13. gr. laga um framfærslu barna. Í þeim tilfellum sem annað foreldrið fullnægir ekki framfærsluskyldu gagnvart barni hafa stjórnvöld heimild til að ákveða hver greiðsla meðlags skuli vera til framfærslu þess. Samkvæmt 14. gr. sömu laga er kveðið á um að meðlag skuli ákvarða með tilliti til þess hverjar þarfir barns eru hverju sinni og hver fjárhagur foreldra sé, þá er sérstaklega átt við aflahæfi foreldra. Þeir foreldrar sem búa við lítið bolmagn eiga að ákvarða meðlagssupphæð í samræmi við það lánmarksmeðlag eins og það er þegar ákveðið á grundvelli laga um greiðslu til barnalífeyris og fyrirframgreiðslu meðlags.

Þegar foreldrar búa ekki saman við fæðingu barns þeirra eða við sambúðarslit forelda er þeim veitt svigrúm til að ákvarða framfærslu barns með samningi þeirra á milli sem síðar er hægt að skilgreina sem framlög foreldra í samræmi við þarfir barnsins hverju sinni. Einnig hafa foreldrar heimild til að semja um ákveðnar, fastar meðlagsgreiðslur sem greiddar eru úr vasa

¹⁴³ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

¹⁴⁴ Lov om børns forsørgelse nr. 352 af 15/05/2003.

¹⁴⁵ Vejledning om aftaler om børnebidrag nr. 10269 af 02/11/2007.

¹⁴⁶ Vejledning om børne- og ægtefellebidrag i 2009. VEJ nr. 9774 af 30/09/2009.

¹⁴⁷ Vejledning om retningslinjer for fastsættelse af børnebidrag i 2009. VEJ nr. 9858 af 11/12/2008.

meðlagsgreiðanda og með því hefur sá aðili rækt framfærsluskyldu sína með því að greiða þessa föstu greiðslu ásamt því að standa undir útgjöldum sem koma til vegna umgengni við barn sitt.

Í danskri löggiöf eru skriflegir jafnt sem munnlegir samningar teknir gildir og eru því samningarnir ekki háðir því að stjórnvöld staðfesti þá. Þrátt fyrir þann möguleika er mælt með að foreldrar skuli gera skriflegan samning sín á milli þar sem kemur fram skýr afstaða til almennra forsendna, gjalddaga meðlagsgreiðslna og hvaða mögulegu fyrirsjáanlegu atburðir geti átt sér stað. Þar sem samningar um framfærslu og meðlag eru ekki háðir því að fá staðfestingu stjórnvalda geta komið upp vandamál hvað framfærslu varðar, þegar umgengnisforeldri vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart barni er stjórnvöldum (d. statsforvaltningen) þar í landi gefin sú heimild að skylda umgengnisforeldri til að greiða meðlag samkvæmt kröfu sem foreldri sem stendur straum af framfærslu barnsins gerir. Í þeim málum er sett skilyrði um að sá sem kemur fram með kröfu um meðlag skuli annað hvort fara með forsjá barnsins eða að barnið sé búsett hjá þeim aðila er fer fram á meðlagsgreiðslu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um framfærslu barna.¹⁴⁸

Gerður er greinarmunur á milli þess þegar aðeins annað foreldrið fer eitt með forsjá barns og einnig þegar foreldrar hafa tekið ákvörðun um að þau skuli fara sameiginlega með forsjá barnsins. Í þeim tilvikum þegar annað foreldri fer eitt með forsjá barns er að jafnaði fallist á að greiða skuli lánmarksmeðlag enda liggur það fyrir að umgengnisforeldrið taki þátt í framfærslu barns og skiptir það því ekki máli þótt barn verji rúmum tíma hjá umgengnisforeldrinu. Þegar barn ver helmingi tíma síns hjá hvoru foreldri fyrir sig getur það leitt til lækkunar á meðlagi þegar sérstaklega er fjallað er um kröfu um aukið meðlag. Þegar því er þannig háttað verður umgengnisforeldri aðeins gert að greiða lánmarksmeðlag (d. normalbidrag) sem er fjárhæð sem ákveðin er 1. janúar ár hvert. Dönsku lögin kveða á um að lánmarksmeðlag samanstandi af grunnfjárhæð meðlags og svonefndri viðbót við þá greiðslu. Þegar foreldrar hafa ákveðið að fara sameiginlega með forsjá barns getur foreldri hvort um sig tekið ákvörðun um hvernig það hagar daglegri framfærslu barnsins þegar barnið dvelur því hverju sinni.

Við mat á því hvort umgengnisforeldri hafi vanrækt framfærsluskyldu sína þarf líta til þess hvort annað foreldrið láti af hendi meira fjármagn vegna annarra eða stærru útgjalda, er þá verið að tala um greiðslu fyrir dagvistun eða tómtundaiðkun barnsins. En það aðeins gert í þeim tilfellum þegar

¹⁴⁸ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 38.

umgengnisforeldrið vanrækir framfærsluskyldu sína að stjórnvöld taki ákvörðun um að greiða skuli meðlag.¹⁴⁹

Lögheimilisforeldri í Danmörku getur, líkt og á Íslandi, óskað eftir greiðslu um aukið meðlag frá umgengnisforeldri. Dönsk stjórnvöld gefa út árlega töflu sem inniheldur viðmiðunarfjárhæðir um árstekjur meðlagsgreiðanda vegna krafna um aukið meðlag.

Meðlag skal ekki vera ákveðið lengra en eitt ár aftur í tímann frá því að krafa hefur verið sett fram, nema sérstakar ástæður leiði til þess, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Samningur foreldra um meðlag innihalda mismunandi kröfur og í þeim tilfellum sem samningur foreldra er augljóslega ósanngjarn fyrir annað hvort foreldrið hafa stjórnvöld heimild til að breyta samningi þeirra. Einnig ef samningur fer í bága við þarfir barns hafa stjórnvöld heimild til að breyta samningi, sbr. 17. gr. laga um framfærslu barna.

Samkvæmt 15. gr. laga um framfærslu er stjórnvaldi heimilt til að ákveða að umgengnisforeldri greiði sérstök útgjöld vegna vegna skírnar, nafngiftar, fermingar, sjúkdóms eða greftrunar barns. Kröfur um sérstök útgjöld er jafnan fallist á, þrátt fyrir að foreldri hafi í raun ekki bolmagn til greiðslu og nemur fjárhæð framlagsins jafnan þrefaldri grunnfjárhæð lámarksmeðlags.¹⁵⁰

Danmörk hefur sama aldursviðmið og Ísland um að framfærsluskylda gagnvart barni falli niður þegar barn nær 18 ára aldri. Þrátt fyrir að framfærsluskylda falli niður þegar barn hefur náð 18 ára aldri er heimild fyrir því að gera foreldri sem barn býr með, skylt til að greiða því foreldri sem stendur straum af framfærslu barnsins um fjárframlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar, allt til þess að barn hefur náð 24 ára aldri. Fjárhæð menntunarframlags er að jafnaði sú sama og grunnfjárhæð lámarksmeðlags en heimild er fyrir því að hækka fjárhæð greiðslunnar í þeim tilfellum er foreldri hefur bolmagn til að greiða hærra en lágmarksframlag.¹⁵¹

¹⁴⁹ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 39.

¹⁵⁰ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 39.

¹⁵¹ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 40.

13.2 Noregur

Um framfærsluskyldu foreldra og ákvörðun meðlags í norskum rétti er skipað í 8. kafla laga um börn og foreldra¹⁵², reglum um ákvörðun og breytingu meðlags,¹⁵³ reglum um sérstök fjárframlög¹⁵⁴ og reglum um gjald vegna ákvörðunar meðlags.¹⁵⁵

Í norskum rétti, líkt og í þeim íslenska og danska, er það í höndum foreldra barns að taka ábyrgð á kostnaði vegna framfærslu og menntunar barns, en með fyrirvara á því að það skuli vera í samræmi við getu foreldra og fjárhagslegt bolmagn hafi barnið ekki getu til að framfæra sig sjálf, sbr. 66. gr. laga um börn og foreldra. Skylda er í norskum rétti að umgengnisforeldri greiði meðlag til framfærslu og menntunar barns síns, sbr. 1. mgr. 67. gr. laga um börn og foreldra. Í Noregi geta foreldrar samið sín á milli um að hafa skuli skipta búsetu barns (n. delt bosted) sbr. 1. mgr. 71. gr. laga um börn og foreldra. Í þeim tilfellum þegar samið er um skipta búsetu er meðlag ákveðið út frá því hvort dvöl barns hjá hvoru foreldri sé jöfn og hvort foreldrar beri samkvæmt því jöfn útgjöld fyrir daglega framfærslu barns.¹⁵⁶

Við ákvörðun meðlags hafa foreldrar frjálst val um að semja um meðlag án atbeina frá stjórnvöldum. Við gerð samnings um greiðslu meðlags geta foreldrar í sameiningu ráðið forsendum samkomulagsins og verður því ekki gerð krafa um að samningur sem gerður er þeirra á milli sé skriflegur, má hann því vera munnlegur. Ef upp kemur ágreiningur um framfærslu barns hefur foreldri þann kost að leita til stjórnvalda og óska þarf eftir að ákvörðun skuli taka um greiðslu meðlags. Þegar afskipti stjórnvalda hefjast hafa þau heimild til að ákveða meðlag aftur í tímann, í allt að þrjú ár frá því að krafa um meðlag var sett fram. Þrátt fyrir það verður meðlag almennt ekki ákveðið lengra aftur í tímann en sem nemur 12 mánuðum nema meðlagsmóttakandi, sá aðili sem fær greitt meðlag frá meðlagsgreiðanda, verði talinn hafa haft sérstaka ástæðu til að bíða með meðlagskröfu. Ekki er ætlast til að meðlag skuli vera hærri fjárhæð en svo að meðlagsgreiðandinn hafi getu til að standa einnig undir sinni eigin framfærslu.

Meginreglan er sú að framfærslukostnaður barns skuli ávallt skiptast á milli foreldra í því hlutfalli miðað við tekjur þeirra. Við ákvörðun meðlagsfjárhæðar samanstendur framfærslukostnaðurinn af daglegum útgjöldum, einnig

¹⁵² Lov 1981-04-08 nr. 07: Lov om barn og foreldre.

¹⁵³ For 2003 01-15 nr. 123: Forskrift om fastsetjing og endring av fostringstilskot.

¹⁵⁴ For 15.01.2003 nr 121 Forskrift om særtilskot.

¹⁵⁵ For-2001-11-04 nr. 1250 Forskrift om gebyr for offentlig fastsettelse av barnebidrag.

¹⁵⁶ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 42.

útgjöldum vegna reksturs heimilis og barnagæslu. Við ákvörðum meðlags þarf að taka tillit til meðlagsgreiðanda, hann þarf að hafi bolmagn til að greiða önnur útgjöld eins og skatta, standa undir eigin framfærslu, rekstri heimilis síns og framfærslu annarra eigin barna sem búsett eru á heimili hans. Oft á tíðum koma fjárhæðir til frádráttar á þessum grundvelli og er frádrátturinn mismunandi eftir því hvort barn eigi lögheimili hjá öðru foreldrinu eða foreldrar hafa samið um skipta búsetu.

Á meðan framfærsluskylda varir er heimilt að skylda foreldri til að greiða sérstakt fjárframlag vegna réttmætra og nauðsynlegra útgjalda sem meðlaginu sjálfu er ekki ætlað að standa straum af, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga um börn og foreldra. Þessi sérstöku útgjöld eru vegna tannréttinga, fermingar og gleraugnakaupa líkt og kveðið er á um íslenskum lögum.

Í Noregi, líkt og í þeim Norðurlöndum sem talin hafa verið upp, lýkur framfærsluskyldu foreldra þegar barn hefur náð 18 ára aldri nema annað hafi verið samið um eða ákveðið, sbr. 68. gr. laga um börn og foreldra. Þegar barn sem hefur náð 18 ára aldri heldur áfram að stunda venjubundið nám á það rétt á að fá fjárframlag á meðan á námi þess stendur. Fjárframlög vegna náms hafa ekki verið mörkuð sérstök tímamörk. Í þeim tilfellum þegar fallist er á að foreldri skuli greiða barni fjárframlag vegna náms síns, varir sú greiðsluskylda þar til barn getur farið að kosta framfærslu sína sjálft með námslánum.¹⁵⁷

13.3 Svíþjóð

Í 7. kafla foreldralaga¹⁵⁸ er fjallað um framfærsluskyldu foreldra gagnvart barni. Tekið er fram í fyrsta hluta að foreldrar skuli sjá um framfærslu fyrir barnið eftir því sem sanngjarnt er, með tilliti til þarfa barnsins og fjárhagslegrar getu foreldra í heild. Við ákvörðun framfærslu barns skal taka tillit til tekna og eigna. Framfærsluskyldu lýkur þegar barn hefur náð 18 ára aldri en ef barnið hefur nám eftir þann tíma eru foreldrarnir ábyrgir fyrir framfærslu þess þar til það nær 21 árs aldri, en ekki lengur en það. Sú skólaganga nær yfir nám í grunnskóla eða framhaldsskóla og aðra sambærilegri menntun. Verða því foreldrar að taka þátt í framfærslu barna sinna eftir getu.

Það foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá skal standa skil á framfærsluskyldu sinni með því að greiða meðlag, hvort sem foreldri fer sameiginlega með forsjá með hinu eða ekki. Meðlagsupphæð er ákvörðuð með dómi eða samkomulagi, almennt er ekki gerð sú krafa að foreldrar geri með sér

¹⁵⁷ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 44.

¹⁵⁸ Föraldrabalk nr. 1949:381

skriflegan samning um meðlag eða að þeir séu sérstaklega lagðir fyrir stjórnvöld. Í þeim tilfellum þar sem farið er fram á að meðlagsgreiðsla sé greidd í eingreiðslu eða fyrir lengri tíma en þrjá mánuði í einu, skal samningur vera skriflegur.¹⁵⁹

Meðlagskerfið í Svíþjóð gerir ráð fyrir að viðbótarmeðlag sé innt af hendi meðlagsgreiðanda þegar hann hefur nægilega háar tekjur til þess. Þegar barn hefur verið í umgengni hjá umgengnisforeldri samfelld í fimm daga hið minnsta er foreldri heimilt að reikna sér lækkun á meðlagi.

Í þeim tilfellum er meðlag hefur verið ákveðið er framfærsluþörf barns skoðuð sérstaklega. Til grundvallar útreikningi er lagður til almennur framfærslukostnaður barns en til viðbótar er tekið tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni. Ef foreldrar sammælast um að breyta meðlagsgreiðslum er þeim heimilt að semja um breytinguna og gildir þá einu þótt dómur liggji til grundvallar meðlagsgreiðslum.¹⁶⁰

Sérstök framlög í sænskum rétti er hvergi að finna, til að mynda ef lögheimilisforeldri óskar eftir fjárframlagi vegna sérstakra tilefna eins og skírnar eða fermingar barns. Á hinn bóginn er kveðið á í 14. gr. 7. kafla laganna að fjárhæð meðlags skuli ávallt taka mið af sérstökum tímabilum á meðan framfærsluskyldan varir.¹⁶¹

13.4 Finnland

Um framfærsluskylda foreldra og ákvörðun meðlags í finnskum rétti er kveðið á um í lögum um framfærslu barna¹⁶² og leiðbeiningum finnskra dómsmálaráðuneytisins frá 2007 um ákvörðun meðlags.¹⁶³

Finnland, líkt og önnur Norðurlönd, hefur þá reglu að barn eigi rétt á framfærslu foreldra sem á að koma til móts við efnislegar og andlegar þarfir barns þegar litið er til þroska þess hverju sinni, sbr. 1. gr. laga um framfærslu barna. Finnsk framfærsluskylda forelda tekur til útgjalda vegna daglegrar framfærslu barns, umönnunar og menntunar þess. Þegar umgengnisforeldri rækir ekki framfærsluskyldu gagnvart barni er heimilt að ákveða meðlag með samningi eða dómi.

¹⁵⁹ Sveriges Riksdag. 2020. Lög um foreldra nr. 1949:381(Föräldrabalk)

¹⁶⁰ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 45.

¹⁶¹ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 46.

¹⁶² Lag om underhåll för barn 5.9.1975/704.

¹⁶³ Anvisning för bedömning av storleken på underhållsbidrag til barn.

Í finnskum rétti, líkt og íslenskum, skal meðlagssamningur vera skriflegur og þegar foreldrar hafa komist að samkomulagi um meðlag skal leggja samninginn inn til staðfestingar af stjórnvöldum. Það eru síðan stjórnvöld sem sjá um að meta hvort samningurinn sé í samræmi við þau sjónarmið um rétt barns og hvort samningurinn sé nægilega sanngjarn í takt við greiðslugetu foreldra.

Almennur framfærslukostnaður eru útgjöld sem eru metin eftir aldri barns. Í finnskum rétti ber að draga frá framfærslukostnaði barns greiðslur sem lögheimilisforeldrið móttekur frá hinu opinbera til framfærslu barnsins (f. barnbidragslagen). Í 1. mgr. 2. gr. laga um framfærslu barna er sagt að foreldrar skulu framfæra barn sitt í samræmi við getu þeirra, við mat á greiðslugetu foreldra þarf að líta til hve hár aldur forelda er, atvinnugetu þeirra, aflahæfi og fjárhag að öðru leiti.

Samkvæmt finnskum rétti er mikið tillit tekið til framfærslugetu foreldra barna og þeirra útgjalda sem þau þurfa að standa straum af fyrir utan barn sitt. Við mat á fjárhæð framfærsluskyldunnar er tekið tillit til fjölskyldustærðar. Heimild er fyrir því að draga úr meðlagsgreiðslum vegna umgengni þegar sýnt hefur verið fram á staðfestan samning þar sem tilgreindur er fjöldi gistinátta barns en þá þarf fjárhæð frádráttar að samsvara þeim útgjöldum sem umgengnisforeldrið verður að standa straum af vegna framfærslu barns á meðan umgengistíma stendur.

Þegar meðlagsgreiðsla nemur lægri fjárhæð en barnalífeyrir er foreldrum skylt að greina frá því í samningi, hvort sem það sé vegna þess að foreldri hefur ekki bolmagn til að greiða tilskilið meðlag eða af öðrum ástæðum. Er því mikilvægt að taka fram í samningi er sendur er til staðfestingar að lágt meðlag hafi verið ákveðið þar sem bolmagn meðlagsgreiðanda sé ekki meira og greiðslugeta sé því lægri fjárhæð en nemur barnalífeyri.¹⁶⁴

Heimild er fyrir því að hægt sé að breyta meðlagsgreiðslum sem ákveðið hefur verið með dómi eða samningi, sbr. 11. gr. laga um framfærslu barns. Heimilt er að breyta fjárhæð meðlags hafi þeir þættir sem fyrir voru breyst eftir að ákvörðun hefur verið tekin, enda er fyrirséð að breytingin sé varanleg. Skilyrði er sett fyrir breytingu á samkomulagi að breytingin sé sanngjörn í garð barns og meðlagsgreiðanda. Finnland er ekki undanskilið öðrum Norðurlöndum varðandi þá staðreynd að framfærsluskylda foreldra fellur niður þegar barn hefur náð 18 ára aldri. Foreldrum ber að greiða útgjöld vegna menntunar barns þeirra eftir að barn nær 18 ára aldri ef það er talið sanngjarnt í garð foreldra. Þegar meta þarf hvort greiða eigi fjárframlag til menntunar barns, þarf að taka tillit til getu barns, menntunartíma og kostnaðs vegna

¹⁶⁴ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 41.

menntunarinnar ásamt þeim möguleikum sem barn hefur að loknu námi til að standa sjálft undir eigin framfærslu.¹⁶⁵

13.5 Samantekt á Norrænni löggjöf

Samantekt þessari um framfærsluskyldu og ákvörðun um meðlag norrænna ríkja er gerð til að sýna fram á mismunandi aðferðir til að standa skil á framfærsluskyldunni. Á öllum Norðurlöndunum bera foreldrar sameiginlega ábyrgð á framfærslu barna sinna á Norðurlöndunum til 18 ára aldurs. Á undanföllum árum hefur verið lögð töluvert meiri áhersla á sameiginlega ábyrgð foreldra við uppeldi barna sinna, burtséð frá hvernig fjölskylduaðstæður eru hverju sinni og hefur meðlagskerfi Norrænna ríkja tekið breytingum í takt við það. Í löggjöf þessara ríkja eru farnar nokkuð ólíkar leiðir, sem hver með sínum hætti hefur áhrif á skylduna til að greiða meðlag eða ákvörðun um meðlagsfjárhæð.

Með samanburði milli landanna má sjá að jafnaði er gert ráð fyrir að foreldrar semji um skiptingu kostnaðar vegna framfærslu og greiðslu meðlags þegar foreldrar búa ekki saman. Foreldrum hefur verið gefið visst samningafrelsi þar sem þeim er frjálst að semja eftir þeirra þörfum. Staðan er þannig í dag að bæði Ísland og Finnland gera ráð fyrir því að samkomulag foreldra sé ekki í gildi nema með staðfestingu stjórnvalda. Gefur það augaleið að Norðurlandþjóðirnar fara mismunandi leiðir varðandi hvernig lánmarksframfærslukostnaður er ákveðinn, hvernig kostnaðinum er skipt á milli foreldra og hver félagsleg staða og greiðslugeta foreldra er með tilliti til framfærslu. Norðurlöndin gera ráð fyrir því að hægt sé að fara fram á sérstök útgjöld sem eru umfram reglubundna meðlagsgreiðslu. Einnig gera löndin hér að ofan ráð fyrir að hægt sé að krefjast framlags eftir 18 ára aldur vegna menntunar.

Þegar litið er til Noregs og Svíþjóðar hefur þar um nokkurn tíma verið unnt að semja um skipta búsetu barns en í Danmörku og Finnlandi hafa nýlega verið samþykktar breytingar á löggjöf sem heimila skipta búsetu barns en áfram skal miða við að barn eigi aðeins eitt lögheimili. Þrátt fyrir samþykktar breytingar á löggjöfinni í Finnlandi gera þær ekki ráð fyrir að bætur eða félagslegur stuðningur fari til beggja heimila, en það er í skoðun hjá finnskum stjórnvöldum. Eins og fram hefur komið áður, hefur Noregur það fram yfir hin Norðurlöndin að við skipta búsetu barns geta foreldrar samið um að skipta barnabótum sín á milli. Svíþjóð hefur ekki eins afgerandi réttaráhrif tengd

¹⁶⁵ Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*, bls. 42.

skiptri búsetu líkt og Noregur en í Svíþjóð hefur skipt búseta að jafnaði í för með sér að foreldrar geta skipt með sér ýmsum opinberum framlögum auk þess er almennt ekki gert ráð fyrir greiðslu meðlags.¹⁶⁶

Telur því höfundur að réttast væri að líta til Finnlands og Noregs þegar taka þarf ákvörðun um fjárhæð meðlags, þar sem þar er tekið mið af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, skoðað er hvað í raun kostar að framfæra barn og hvað það er sem hvert foreldri um sig leggur til vegna framfærslunnar.

¹⁶⁶ Alþt. 2019-2020, A-deild, þskj. 1215 – 707. mál.

14 Niðurstöður

Í málefnum er varða börn og foreldra er mikilvægt að jafnrétti foreldra sé fyrir hendi. Ánægjulegt er að loksins er farið að leitast við og stíga það skref að jafna stöðu foreldra sem búa ekki saman en ákveða að ala börn sín upp saman. Hægt er að segja að það sé fagnaðarefni að hægt sé að semja um skipta búsetu barns, staða foreldra jöfnuð, munurinn á rétti foreldra til ákvarðanatöku sé minnkaður og báðir foreldrar geti fengið greiddar barnabætur og það hafi gengið í gegn og orðið að lögum. Þrátt fyrir að réttur foreldra sé jafnaður með skiptri búsetu er samt réttur lögheimilisforeldris alltaf meiri. Farið var yfir grundvallarhugtök barnaréttarins sem eru mikilvæg þegar kemur að því að ákveða framfærslu barns og hvernig forsjá og umgengni er háttað við ákvörðum um framfærslu.

Eins og greint hefur verið frá hefur gríðarleg framför átt sér stað þar sem samþykkt hefur verið af Alþingi að hægt sé að semja um skipta búsetu barns til að barn öðlist þau forréttindi að geta deilt heimili með báðum foreldrum, þrátt fyrir að foreldrar hafi slitið samvistum eða aldrei búið saman. Það er grundvallarréttur að barn fái að njóta samvista við báða foreldra sína og gefur það því augaleið að úrræðið um skipta búsetu sé eitthvað sem bætir þann rétt. Við þá ákvörðun um skipta búsetu barns þarf að tryggja að hagsmuna barnsins sé að fullu gætt og ef það er gert er þetta kjörið úrræði.

Samningur um skipta búsetu barns gerir það að verkum að foreldri sem ekki deilir lögheimili með barni getur átt rétt til opinbers stuðnings. Það geri það að verkum að stuðningur við lögheimilisforeldri skerðist að einhverju leiti þar sem meðlag fellur niður líkt og sérstök framlög sem hefðu þá komið frá umgengisforeldrinu ef ekki væri fyrir samning um skipta búsetu. Eftir að höfundur fór að kynna sér reglurnar betur og skoða kosti og galla skiptrar búsetu er augljóst að markmið stjórnvalda er að jafna réttarstöðu beggja foreldra. Telur höfundur að skipt búseta muni ekki jafna stöðuna eins og talið var í frumvarpinu að það myndi gera, þá sérstaklega því lögheimilisforeldrið hefur áfram yfirhöndina.

Eins og fram kom réttilega í ummælum frá Foreldrajafnrétti um breytingu bl. um skipta búsetu barns er engin stoð fyrir því að lögheimilisforeldri geti með einhverju móti án samþykkis umgengnisforeldris rift samningi um skipta búsetu, og hlýtur það að teljast ósanngjarnt gagnvart bæði barni og umgengnisforeldri. Á meðan staðan er þannig er alltaf hætta yfirvofandi að lögheimilisforeldri taki sig til og ákveði með engum fyrirvara að rifta samningi og fái þannig einkarétt á barnabótum og öðrum opinberum styrkjum auk þess sem hægt væri að fara fram á meðlagsgreiðslur úr vasa umgengnisforeldri og umgengnisforeldri getur ekkert gert til að koma í veg fyrir það. Þar stendur umgengnisforeldrið eftir án nokkurs samnings og því engin réttindi gagnvart greiðslum frá hinu opinbera vegna barns er það hefur á sínu framfæri. Réttast væri að þegar um samning um skipta búsetu er að ræða ætti ekki að vera hægt

að rifta samningi af hálfu annars foreldris, heldur ætti að gera það með dómi eða samþykki beggja foreldra þar sem það fer algerlega í bága við jafnrétti foreldra ef annað foreldrið hefur heimild til að taka upp á sitt eindæmi að rifta samningi.

Það er alltaf að koma meira og meira í ljós að fleiri og fleiri börn og foreldrar nýti sér þann möguleika að vera með jafna umgengni við foreldri sem þau eiga ekki lögheimili hjá. Væri því réttast við ákvörðun á meðlagi að tekið væri mið af aðstæðum hverju sinni þegar verið er að ákveða fjárhæð meðlags, þá með tilliti til þess hversu mikið það kostar að framfæra barn og skoða þá einnig hversu mikið hvert foreldri fyrir sig sé að leggja til framfærslunnar. Það er misjafnt hvað kostar að framfæra hvert barn fyrir sig.

Í þeim tilfellum ef framfærsla er hærri en eðlilegt er, er það oft vegna tómsunda eða íþróttaiðkunar sem auðveldlega væri hægt að komast að samkomulagi um hver skuli greiða hvað í þeim efnun. Þegar barn er jafnt hjá báðum foreldrum gefur það augaleið að báðir foreldrar hvor um sig leggja jafnt til framfærslu þegar litið er til húsnæðis og matarinnkaupa. Hægt væri að samræmast um greiðslur vegna annarra útgjalda, þar sem foreldrar skiptast á að greiða þau útgjöld er til falla, vegna tómsunda eða íþróttaiðkunar eða annars.

Þegar litið er til þess að umgengnisforeldri er skyldað til að greiða meðlag með barni sínu og hefur það umgengni jafnt á við lögheimilisforeldri greiðir umgengnisforeldri því að jafnaði helming á móti lögheimilisforeldri í lögbundinni framfærslu. Þar kemur fram að sú mismunun sem á sér stað í löggjöfinni að umgengnisforeldrið leggur til helming framfærslu barnsins ásamt meðlagi til lögheimilisforeldris. Ekki er eðlilegt að umgengnisforeldri leggi það mikið meira en helming framfærslu barnsins þannig að hugsanlega sé það einnig farið að framfleyta lögheimilisforeldrinu.

Ef litið er til þess að það foreldri er barn hefur fasta búsetu hjá, hafi rétt á meðlagi frá umgengnisforeldri og það ákveðið og innheimt án þess jafnvel að umgengnisforeldri hafi vanrækt framfærsluskyldu sína. Var löggjöfin ekki í hag beggja foreldra á þann hátt að lögheimilisforeldri hafði meiri völd en umgengnisforeldrið en þar sem ný ákvæði hafa verið samþykkt er hægt að ætla að staðan jafnist til muna.

Hægt er að líta á að þegar aðili er lögheimilisforeldri beri hann ábyrgð sem foreldri gagnvart barni og hinu foreldrinu, það snýst ekki um að vera staða sem getur gert lögheimilisforeldri að einhverjum forréttindaaðila sem getur krafist umtalsverðra fjárhæða af hendi umgengnisforeldris. Meðlag er ætlað barni og tilheyrir því og í þeim tilfellum er foreldri sinnir sinni ríkulegu umgengni ætti ekki að vera þörf fyrir ákvörðun um meðlag. Væri því réttast að þegar lögheimilisforeldri krefst þess meðlag sé ákveðið, ætti lögheimilisforeldrið að þurfa að sýna fram á að umgengnisforeldrið vanræki framfærsluskyldu sína til barns.

Að mati höfundar getur lögheimilisskráning barns mismunað foreldrum með því að lögheimilisforeldri geti krafist meðlags úr vasa lögheimilislausa foreldrinu sem er að sinna framfærsluskyldu sinni gagnvart barni með öðrum leiðum en að greiða tiltekna meðlagsfjárhæð. Því umgengnisforeldri getur sinnt framfærsluskyldu sinni með því að hafa umgengni ríkulega, með þátttöku í greiðslum af tómstundum og íþróttaiðkun, fatakaupum eða hverjum öðrum útgjöldum sem til falla við framfærslu barns heldur en að láta af hendi beinar fjárgreiðslur til lögheimilisforeldris.

Þegar litið er til þess hvort hið opinbera styðji jafnt við foreldra sem búa ekki saman, metur höfundur svo að hið opinbera taki aðeins tillit til heimilis þar sem barn hefur lögheimili en með lagabreytingunni mun hið opinbera jafna stöðu foreldra til muna. Af þeim dæmum sem tekin eru til umfjöllunar hér að ofan taka lög um atvinnuleysistryggingar og LÍN eða Menntasjóður námsmanna tillit til þess að einstaklingur sem ekki hefur lögheimili barns síns hjá sér fái greiðslur til að standa straum af meðlagsgreiðslunum. Renna þessar greiðslur sem einstaklingar fá beint til Innheimtustofnunar ríkisins þar sem meðlagsgreiðslur eru innheimtar. Lögheimilisforeldri fær að jafnaði alltaf einhverjar greiðslur frá hinu opinbera, lögheimilisforeldri fær bætur vegna umönnunar veikra eða fatlaðra barna og greiddar barnabætur.

Hvort ákvörðun ráðuneytis um aukið meðlag sé sanngjörn í framkvæmd, er það ekki svo að mati höfundar. Ávallt á að líta til þess hvert aflahæfi beggja foreldra er þegar verið er að taka ákvörðun um aukið meðlag en framkvæmdin er á þann veg að aðeins er litið til tekna þess sem á að greiða hið aukna meðlag þrátt fyrir að lögheimilisforeldri sé oft á tíðum tekjuhærra en umgengnisforeldrið. Að þessu gefnu telur höfundur að foreldrar standi ekki jafnt þegar litið er til framfærslunnar.

Frumvarpið um skipta búsetu barns hefur náð gildi og hefur því náðst langþráð niðurstaða um að staða foreldra yrði jöfnuð í lögum. Og í þeim tilfellum er ekki næst samkomulag um framfærslu barns er alltaf hægt að gera ráð fyrir þeim möguleika að úrskurða umgengnisforeldri til að greiða meðlag.

Þegar við lítum til Norðurlandanna eru farnar mismunandi leiðir til að standa skil á framfærsluskyldunni. Að mati höfundar væri réttast að líta til reglna sem gilda í Noregi og Finnlandi eins og kom fram í kaflanum um Norrænan rétt, að taka ætti mið af þörfum barns hverju sinni þegar verið er að ákvarða meðlagsgreiðslu með barni. Mat höfundar er að réttast sé fyrir íslensku löggjöfina að líta til barnalöggjafarinnar í Danmörku þar sem skilyrði er að sýna þurfi fram á að umgengnisforeldri hafi vanrækt framfærsluskyldu sína áður en hægt er að fara og leita eftir atbeina um meðlagsgreiðslur. Þrátt fyrir að þróunin sé mismunandi á Norðurlöndunum hefur þróunin verið sú sama í þeim öllum - að rýmka samningafrelsi sem foreldrar hafa til að haga framfærslu barna sinna eftir því sem hentar hverju sinni. Í Norrænum rétti er gert ráð fyrir að barn skuli aðeins eiga eitt lögheimili. Svíþjóð og Noregur hafa ákvarðað svo í nokkurn tíma að unnt sé að foreldrar geti samið um skipta

búsetu barns. Í Danmörku og Finnlandi aftur á móti hafa nýlega verið samþykktar breytingar þess efnis að foreldrar geti samið um skipta búsetu barns en á öllum þessum stöðum er gert ráð fyrir að barn geti aðeins átt eitt lögheimili. Er því ekkert óeðlilegt að Ísland geri slíkt hið sama og haldi sig við að barn geti aðeins átt eitt lögheimili.

Að mat höfundar er brýn nauðsyn fyrir algerri endurskoðun meðlagskerfisins. Alltaf er talað um að foreldrar beri báðir jafna ábyrgð á barni sínu og á framfærslu þess. Gerð er sú krafa á foreldra að taka jafnan þátt í daglegri framfærslu barns síns, hvort sem það eru greiddir einstakir kostnaðarliðir eða meðlag er innheimt úr hendi umgengnisforeldris. Er því svar höfundar við rannsóknarspurningunni sú að staða foreldra hefur batnað til muna þar sem samþykkt voru breytingar á bl. og er því staða foreldra mikið jafnari þegar kemur að framfærslu barna sinna heldur en hún var fyrir breytingarnar sem samþykktar voru 15. apríl 2021. Velferðarkerfið á Íslandi studdi ekki jafnt við foreldra sem ekki búa saman, þar sem það var að jafnaði aðeins tekið tillit til þeirra foreldra sem hafa lögheimili barns hjá sér en í dag eru breyttir tímar og verður staða foreldra mikið jafnari. Fyrir lagabreytinguna var aðstöðumunur foreldra mikill en munu breytingarnar hafa það í för með sér að aðstöðumunur verður að jafnaði enginn.

Við lokavinnslu þessarar ritgerðar var frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns) samþykkt á Alþingi þann 15. apríl 2021. Verður því gaman að sjá hver framvindan verður eftir að þetta hefur verið samþykkt, hvort staða foreldra verði jafnari fyrir vikið. Það er eitthvað sem tíminn mun leiða í ljós og verður það eflaust vert að skrifa um og skoða í framtíðinni.

Lagaskrá

Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 46/1921 – ekki í gildi

Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 – ekki í gildi

Barnalög nr. 9/1981 – ekki í gildi

Barnalög nr. 76/2003

Breyting á barnalögum nr. 69/2006

Breyting á barnalögum nr. 61/2012

Breyting á barnalögum nr. 144/2012

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Lögræðislög nr. 71/1997

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Breyting á barnalögum nr. 65/2006

Breyting á barnalögum nr. 54/2008

Lög um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Framfærslulög nr. 80/1947 – ekki í gildi

Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006

Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992

Lög um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020

Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993

Lög um skráningu einstaklinga nr. 140/2019

Hjúskaparlög nr. 31/1993

Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016

Dönsk lög:

Lov om børns forsørgelse *nr. 352 af 15/05/2003*

Vejledning om aftaler om børnebidrag *nr. 10269 af 02/11/2007*

Vejledning om børne- og ægtefellebidrag i 2009. *VEJ nr. 9774 af 30/09/2009*

Vejledning om retningslinjer for fastsættelse af børnebidrag i 2009. *VEJ nr. 9858 af 11/12/2008*

Norsk lög:

Lov om barn og foreldre. *Lov 1981-04-08 nr. 07*

Forskrift om fastsetjing og endring av fostringstilskot. *FOR 2003 01-15 nr. 123:*

Forskrift om særtilskot. *FOR 15.01.2003 nr 121*

Forskrift om gebyr for offentlig fastsættelse av barnebidrag. *FOR-2001-11-04 nr. 1250*

Sænsk lög:

Föräldrabalk nr. 1949:381

Finnsk lög:

Lag om underhåll för barn 5.9.1975/704

Dómaskrá

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 9. júní 2016 í máli nr. 67/2016.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar 2018 í máli nr. 482/2017.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 13. júní 2013 í máli nr. 91/2013.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 26. febrúar 2009 í máli nr. 369/2008.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 30. ágúst 2000 í máli nr. 313/2000.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í máli nr. 340/2010.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 18. júní 2009 í máli nr. E-2488/2007.

Dómur Héraðsdóms Austurlands frá 20. apríl 2011 í máli nr. E-145/2010.

Heimildir

Alþingistíðindi.

Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2011). *Fjölskyldubætur á Íslandi. Fjárstuðningur vegna framfærslu barna árið 2010. Greining og samanburður við önnur lönd, ásamt útfærslu á nýju kerfi barnatrygginga*. Sótt 30. mars 2021 af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/8382/fjolskyldubaetur_solvi.pdf?sequence=1

Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2008.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. *Um Barnasáttmálann* (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna). Sótt 28. febrúar 2021 af <https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>

Davíð Þór Björgvinsson, *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík 1995.

Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson. (2012). *Fjölskyldur og framfærsla barna – Þegar foreldrar búa ekki saman*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 4. apríl 2021 af https://skemman.is/bitstream/1946/13379/1/GudnyEydal_HeimirHilmars_Fjolskyldubatur%20og%20framfaersla%20barna.pdf

Hrefna Friðriksdóttir. *Handbók: Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Reykjavík 2013.

Hrefna Friðriksdóttir. „Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá“ [2011], *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti, 61. árg. bls. 273-328.

Hrefna Friðriksdóttir. „Sifja- og erfðaréttur“ í Róbert R. Spanó (ritstjóri), *Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík 2009.

Hrefna Friðriksdóttir. „Úrræði vegna umgengnistálmana“ [2012] *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti, 62. árg. bls. 343-385.

Innanríkisráðuneytið. (2005). *Forsjárnefnd, lokaskýrsla til dómsmálaráðherra*. Sótt 10. mars 2021 af <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/forsjarnefnd-lokaskyrsla.pdf>

Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum nr. 76/2003*. Sótt 17. mars 2013 af https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/2010/frumvarp_medlag_04.02.10.pdf

Innheimtustofnun sveitarfélaga. *Meðlagsgreiðendur*. Sótt 23. mars 2021 af <https://www.medlag.is/medlagsgreidendur>

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir og Viðar Már Matthíasson. Reykjavík, 2008.

Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir. (2016). „Raddir skilnaðarbarna: Um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað.“ *Tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 25. mars 2021 af <https://ojs.hi.is/tuom/article/view/2159/1106>

Skatturinn. *Barnabætur*. Sótt 2. apríl. 2021 af <https://www.rsk.is/einstaklingar/vaxtabaetur-og-barnabaetur/barnabaetur/>

Sveriges Riksdag. 2020. *Föräldrabalk, 1949:381*. Sótt 5. apríl 2021 af https://www.riksdagen.se/sv/dokument-lagar/dokument/svensk-fattningssamling/foraldrabalk-1949381_sfs-1949-381

Sýslumenn á Íslandi. (2013). *Meðlag*. Sótt 21. mars 2021 af
https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/medlag_framlog/

Umsögn foreldrajafréttis. *Um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta)*. Sótt 3. apríl 2021 af
<https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-150.pdf>

Velferðarráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Sótt 17. mars 2013 af
http://www.velferdarraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerdum.pdf